

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Afkvæmarannsóknir á hrútum 2025

Framkvæmdar af bændum

Árni B. Bragason og Eypór Einarsson

Almennt um afkvæmarannsóknirnar

Hér er að finna yfirlit yfir niðurstöður afkvæmarannsókna sem bændur framkvæmdu framleiðsluárið 2025. Megin tilgangur þessa verkefnis er að fá sem bestan samanburð á hrútana sem lambafeður. Áhersla hefur verið lögð á það að bændur afkvæmaprófi lambhrúta sína á skipulagðan hátt þannig að sem bestur dómur fái á þá veturgamla hvort þeir standi undir væntingum eður ei. Hér er fyrst og fremst um samanburð innan bús að ræða en einkunnir eru ekki samanburðarhæfar milli búa.

Afkvæmarannsóknir voru styrktar af þróunarsjóði sauðfjárræktarinnar. Til að afkvæmarannsókn sé styrkhæf þar hún að uppfylla eftirfarandi körfur:

Í samanburðinum þurfa að vera að lágmarki 5 hrútar og þar af 4 veturgamlir (hrútar fæddir 2024). Hver hrútur þarf að eiga 8 afkvæmi af sama kyni sem eru ómmæld og stiguð og 15 afkvæmi með kjötmatsupplýsingar. Hrútar sem eingöngu eru notaðir á veturgamlar ær (gemlinga) eru ekki marktækir í slíkan samanburð nema að allir hrútarnir í samanburðinum séu notaðir á veturgamlar ær. Til að hrútur sé styrkhæfur þarf hann að vera arfgerðargreindur.

Borgarfjörður

Snartarstaðir, Lundarreykjadal

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Þristur	23-322	Trölli	19-561	94	103	115	104	15,7	8,5	5,4	33,1	3,1	17,9	161
Töttri	23-329	Grettir	20-877	97	103	110	103	16,0	8,6	5,4	32,8	3,2	17,7	156
Dreki	23-326	Dalur	22-621	101	108	99	102	16,3	8,8	5,5	32,1	3,0	17,6	159
Svampur	24-397	Birkir	23-320	85	107	113	102	15,0	8,8	5,6	32,9	3,2	17,9	160
Eysteinn	24-395	Nebbi	23-146	108	93	91	97	17,1	8,6	5,8	30,7	2,7	17,7	160
Sófi	24-399	Töttri	23-329	111	84	93	96	17,4	9,0	6,6	31,4	3,0	17,8	164
Skemill	24-398	Töttri	23-329	109	91	84	95	17,0	8,8	6,0	31,9	3,4	17,4	161
							Meðaltal:	16,2	8,7	5,7	32,2	3,2	17,7	160

Í þessari rannsókn er ekki mikill munur á hrútonum í heildareinkunn. Þrír hrútar sýna nokkra yfirburði í mati á lifandi lömbum. Það eru Þristur 23-322 sonarsonur Krafts 11-947 frá Hagalandi, Töttri 23-329 sonur Grettis 20-877 frá Ytri-Skógum og Svampur 24-397. Svampur er sá eini þeirra sem er enn á lífi. Börkur 17-842 frá Kjalvararstöðum er föðurföðurfaðir Svamps.

Hrísar Flókadal

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Vestri	24-782	Austri	20-892	107	115	149	124	17,5	10,9	6,7	31,1	2,7	17,8	146
Njörður	23-723	Galli	20-875	105	117	139	120	17,4	10,8	6,5	30,6	2,8	17,7	148
Mar	24-780	Sævar	21-897	96	119	131	115	16,5	10,0	5,8	29,7	2,6	17,5	145
Karri	23-576	Grettir	20-877	104	115	106	109	17,3	10,2	6,0	28,5	2,6	17,2	138
Sproti	24-786	Angi	18-882	95	98	114	102	16,5	9,6	6,2	28,6	2,7	17,4	153
Hæll	23-783	Gimsteinn	21-899	106	81	73	87	17,5	9,6	6,8	27,8	3,7	17,3	145
Hólmar	23-784	Gimsteinn	21-899	96	82	79	86	16,6	9,4	6,7	27,3	3,4	17,3	148
Urriði	24-784	Laxi	19-903	92	75	39	69	16,2	8,5	6,1	26,1	3,5	17,1	153
							Meðaltal:	16,9	9,9	6,3	28,4	3,1	17,4	147

Í þessari rannsókn kemur fram mikill munur á milli afkvæmahópa. Vestri 24-782 stendur hér efstur en hann er sonur Austri 20-892 frá Stóru-Hámundarstöðum. Vestri sýnir yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar en einkum þó í mati á lifandi lömbum þar sem dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva og stigast best fyrir læri. Móðurfaðir Vestri er aðkeyptur frá Kóparykjum sonur Tvists 14-988 frá Möðruvöllum/Hríshóli. Vestri skilar mögulega verndandi arfgerðum til allra afkvæma sinna þar sem að hann er með T137 á móti H154. Njörður 23-723 kemur á hæla Vestri í heildareinkunn og sýnir einnig yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Njörður er keyptur veturgamall frá Hesti, sonur Galla 20-875 frá Hesti og móðurfaðir er Spakur 14-801 frá Oddsstöðum. Þeir Njörður og Vestri skila miklum yfirburðum í gerð sláturlamba í þessari rannsókn sem endurspeglast vel í mati á lifandi lömbum undan þeim. Njörður fórst í högum sumarið 2025. Mar 24-780 sonur Sævars 21-897 frá Ytri-Skógum sýnir talsverða yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum. Móðir Mars er sonardóttir Hængs 10-903 frá Geirmundarstöðum. Karri 23-576 sonur Grettis frá Ytri-Skógum sýnir yfirburði í öllum þáttum en einkum þó í kjötmatshlutanum. Móðir Karri er sonardóttir Dranga 15-989 frá Hriflu. Karri er aðkeyptur frá Hellum í Bæjarsveit.

Gilsbakki, Hvítársíðu

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Stöngull	23-388	Hnaus	20-890	100	122	135	119	17,8	11,0	6,1	31,8	2,9	17,9	124
Viður	23-389	Svartur	17-873	96	123	125	115	17,4	10,7	6,2	31,0	2,4	17,6	121
Skrjóður	23-387	Grettir	20-877	85	122	114	107	16,3	10,8	6,2	30,0	2,5	17,6	124
Týr	24-360	Styrmir	23-930	104	105	107	105	18,1	10,3	6,3	30,0	2,7	17,8	124
Hamar	22-366	Steðji	20-879	92	110	112	105	17,2	10,6	6,5	30,6	2,9	17,6	125
Gráni	24-354	Askur	19-884	111	113	87	104	18,8	12,1	7,7	29,2	3,5	17,9	127
Galti	23-383	Svörður	18-854	97	91	121	103	17,4	9,3	6,0	31,9	2,7	17,6	115
Depill	24-352	Úlli	22-914	103	97	101	100	18,0	10,3	6,6	29,6	2,8	17,6	126
Pungur	24-357	Úlli	22-914	102	101	95	99	17,9	10,3	6,5	29,3	2,8	17,7	124
Galdur	24-353	Laxi	19-903	100	91	105	98	17,7	10,4	7,1	29,8	2,7	17,7	128
Hreyfill	23-384	Svörður	18-854	92	114	87	97	16,9	10,4	6,2	28,1	2,5	17,5	118
Móði	24-356	Moli	23-919	115	95	80	97	19,2	11,2	7,6	29,1	3,2	17,5	129
Rampur	22-370	Rammi	18-834	99	98	88	95	17,7	10,3	6,7	29,6	3,1	17,6	128
Stólpi	24-359	Laxi	19-903	101	73	91	88	17,8	10,2	7,5	30,0	3,1	17,5	126
Bjartur	24-351	Styrmir	23-930	94	86	73	84	17,3	9,7	6,6	28,6	3,2	17,4	130
Magni	24-355	Hreinn	23-920	111	66	66	81	18,7	9,7	7,2	28,2	3,1	17,3	127
							Meðaltal:	17,7	10,4	6,7	29,9	2,9	17,6	125

Efstur í heildina að þessu sinni er Stöngull 23-388 sonur Hnauss 20-890 frá Mýrum 2. Sýnir hann mikla yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum en fallþungi sláturlamba er á meðaltali. Stöngull stóð einnig ofarlega í afkvæmarannsókn hér haustið 2024. Sá ljóður er þó á ráði Stönguls að hann er arfbendinn fyrir V136 áhættuarfgerð en á móti kemur þó H154, mögulega verndandi. Að baki móður hans í öðrum ættlið standa þeir Börkur 13-952 frá Efri-Fitjum MFF og Seiður 09-874 frá Oddsstöðum MMF. Næstur í heildareinkunn er Viður 23-389 sonur Svarts 17-873 frá Hvammi. Sýna afkvæmi hans talsverða yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum. Fallþungi sláturlamba er aðeins undir meðaltali rannsóknarinnar. Viður er dóttursonur Óðins 15-992 frá Skörðum. Skrjóður 23-387 sonur Grettis 20-877 frá Ytri-Skógum kemur næstur. Fallþungi sláturlamba undan honum er 1,3 kg undir meðaltali rannsóknarinnar en þau flokkast vel gagnvart gerð samt sem áður. Skrjóður hefur verið felldur en að baki móður hans í öðrum ættlið standa Oddstaðahrútarnir Kaldi 12-950 MFF og Spakur 14-801 MMF. Þá er næstur veturgamall sonur Styrmis 23-930 frá Hríshóli. Þessi hrútur heitir Týr og er arfblendinn fyrir R171. Týr skilar þarna hagstæðum niðurstöðum í öllum þáttum rannsóknarinnar. Að baki móður hans í öðrum ættlið standa þeir Svimi 14-956 frá Ytri-Skógum MFF og Kveikur 05-965 frá Hesti MMF. Týr drapst í sumarhögum en skilur eftir sig dætrahóp. Gráni 24-354 sonur Asks 19-884 frá Kirkjubæjarklaustri skilaði afgerandi best gerða sláturlambahópnum en jafnframt þeim feitasta. Móðir hans er sonardóttir Salamons 10-906 frá Gröf.

Sámsstaðir, Hvítársíðu

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Vinkill	24-287	Barði	23-272	107	119	130	119	18,2	10,7	6,6	32,4	2,4	17,8	145
Barði	23-272	Hnaus	20-890	97	133	113	114	17,3	10,5	5,9	32,0	2,7	17,6	139
Kópur	24-282	Angi	18-882	94	114	133	114	17,1	10,0	6,2	33,4	3,0	17,8	139
Meitill	23-275	Hamar	22-265	110	114	109	111	18,3	10,2	6,3	31,2	2,1	17,5	136
Straumur	24-286	Strokkur	21-898	89	125	106	107	16,5	10,2	5,8	30,6	2,2	17,7	142
Prins	24-284	Laxi	19-903	107	84	83	91	18,1	9,1	6,3	31,0	3,0	17,5	137
Valli	23-278	Alli	19-885	93	85	80	86	17,1	9,1	6,3	29,8	2,8	17,4	137
Sporður	24-285	Laxi	19-903	104	95	56	85	17,9	9,4	6,3	29,6	3,3	17,5	134
Hermes	24-281	Seifur GÓ	23-277	94	66	91	84	17,0	8,8	6,7	30,3	2,6	17,7	142
Bylur	24-280	Angi	18-882	108	64	78	83	18,2	8,9	6,9	30,1	2,8	17,2	135
							Meðaltal:	17,5	9,7	6,3	31,3	2,7	17,6	138

Vinkill 24-287 stendur hér efstur í heildareinkunn og sýnir talsverða yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Hann er sonur Barða 23-272 sem stóð næstur honum í heildareinkunn. Vinkill er arfblandinn fyrir mögulega verndandi arfgerðinni H154. Að baki móður hans í öðrum ættlið standa þeir Glæpon 17-809 frá Hesti MFF og Klettur 13-962 frá Borgarfelli MMF. Barði 23-272 undan Hnaus 20-890 frá Mýrum 2 er annar í röðinni líkt og haustið 2024. Hann sýnir talsverða yfirburði í mati á lifandi lömbum og enn meiri í kjötmatshlutanum. Barði er dóttursonur Vallar 18-835 frá Snartarstöðum 2. Barði er með áhugaverða arfgerð gagnvart riðupoli, C151/H154. Kópur 24-282 sonur Anga 18-882 frá Borgarfelli á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva og stigast jafnframt einna best fyrir læri. Móðir Kóps er sonardóttir Dreka 13-953 frá Hriflu. Meitill 23-275 sonarsonur Steðja 20-879 frá Ytri-Skógum skilar hagstæðum niðurstöðum í öllum þáttum rannsóknarinnar. Það sama gerði faðir hans Hamar 22-265 á síðasta ári. Að baki móður Meitils í öðrum ættlið standa þeir Drangi 15-989 frá Hriflu MFF og Klettur 13-962 frá Borgarfelli MMF.

Borgautsstaðir 2, Hvítársíðu

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Högni	21-187	Völlur	18-835	103	129	135	122	16,9	10,3	5,7	31,8	2,6	17,5	135
Koli	24-160	Austri	20-892	101	117	131	116	16,7	9,6	5,7	32,0	3,2	17,5	128
Stórlax	24-157	Laxi	19-903	109	97	80	95	17,4	9,6	6,6	29,8	4,0	17,3	128
Pálmarr	24-158	Kristall	23-152	95	80	75	83	16,1	8,4	6,0	28,5	3,1	17,1	141
Kandís	24-159	Moli	23-919	91	80	74	82	15,6	8,4	6,0	27,9	3,3	17,2	141
							Meðaltal:	16,6	9,2	6,0	30,1	3,2	17,3	134

Efstur stendur, líkt og á síðasta ári, Högni 21-187 sonur Vallar 18-835 frá Snartarstöðum. Hann sýnir mikla yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum. Högni er dóttursonur Lása 13-985 frá Leifsstöðum. Koli 24-160 sonur Austra 20-892 frá Stóru-Hámundarstöðum skilar hér ágætum niðurstöðum í heildina og á hann t.d. þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva. Að baki móður hans í öðrum ættlið standa þeir Drangi 15-989 frá Hriflu MFF og Bekri 12-911 frá Hesti MMF. Koli var felldur sl. haust en hann var arfblandinn fyrir T-137 mögulega verndandi arfgerð.

Snæfellsnes

Haukatunga syðri 2, Kolbeinstaðarhreppi

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Baldur	23-531	Hnykill	21-300	108	112	122	114	19,2	12,0	8,0	31,1	2,7	18,0	162
Breki	24-540	Moli	23-919	92	119	124	112	17,8	11,7	7,5	32,9	3,7	18,1	159
Bútur	24-539	Kátur	20-905	108	119	107	111	19,1	12,1	7,8	31,1	3,5	17,8	157
Fursti	22-522	Grettir	20-877	101	115	117	111	18,6	11,6	7,5	31,7	3,0	17,7	159
Baugur	24-538	Moli	23-919	99	94	113	102	18,3	10,8	7,6	32,3	3,7	17,9	159
Bragi	23-533	Salörn	22-340	96	93	91	93	18,1	10,6	7,4	30,6	3,8	18,0	157
Bylur	24-537	Frosti	22-913	98	98	82	93	18,3	11,1	7,7	30,4	3,7	17,6	157
Eyjólfur	22-523	Dalur	17-870	101	89	79	90	18,6	11,4	8,3	30,0	3,1	17,3	162
Vestri	23-532	Fursti	22-522	96	70	83	83	18,2	10,2	7,7	30,4	3,4	17,5	157
Meðaltal:								18,5	11,2	7,7	30,9	3,4	17,7	159

Hér stendur efstur í heildareinkunn Baldur 23-531 og sýnir hann yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Baldur er sonarsonur Fála 20-906 frá Hægindi og móðurfaðir hans er Tilberi 19-330 frá Broddanesi 1 sem skilaði góðu í Haukatungu á sinni tíð. Baldur er nú orðinn kynbótahrútur á Valshamri á Mýrum. Breki 24-540 er sonur Mola 23-919 frá Miðdalsgröf og er arfblandinn fyrir R171. Gimbrar undan honum mælast með þykkastan bakvöðva og stigast best fyrir læri. Hann á hinsvegar léttasta sláturlambahópinn en þau eru prýðilega gerð. Breki sem er kollóttur er dóttursonur Bekra 12-911 frá Hesti. Bútur 24-539 er sonur Káts 20-905 frá Efstu-grund. Bútur á best gerða sláturlambahópinn og þau standa einnig sterk í öðrum þáttum rannsóknarinnar. Bútur er dóttursonur Saums 12-915 frá Ytri-Skógum. Loks má nefna Fursta 22-522 son Grettis frá Ytri-Skógum en hann hefur staðið efstur hér í afkvæmarannsóknum bæði haustið 2023 og 2024.

Jörfi, Kolbeinstaðarhreppi

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Blakkur	24-704	Úlli	22-914	95	117	118	110	16,4	10,2	6,4	29,8	3,8	17,7	155
Bukkur	24-706	Ýmir	22-701	103	108	114	108	17,2	9,5	6,3	30,0	3,7	17,6	151
Glópur	23-727	Fróði	18-880	104	96	111	104	17,2	9,2	6,5	29,3	3,1	17,4	147
Baggi	24-705	Angi	18-882	97	115	98	103	16,6	9,7	6,1	27,9	3,3	17,4	153
Bjarmi	24-703	Brúskur	23-725	99	88	95	94	16,8	8,9	6,6	28,3	3,6	17,4	151
Borði	24-701	Laxi	19-903	102	90	89	94	17,0	9,1	6,5	28,4	3,9	17,4	147
Útlagi	22-715	Móri	20-719	98	95	74	89	16,7	9,0	6,3	27,3	3,7	17,1	153
Meðaltal:								16,9	9,3	6,4	28,8	3,6	17,4	151

Blakkur 24-704 stendur hér efstur í heildareinkunn en hann er sonur Úlla 22-914 frá Ytri-Skógum. Dætur hans mælast með næstþykkastan bakvöðva en stigast best fyrir læri. Blakkur er svo að skila nokkuð afgerandi bestri gerð sláturlamba. Blakkur er arfblandinn fyrir mögulega verndandi geninu C151. Bukkur 24-706 á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva og sýnir Bukkur einnig nokkra yfirburði í öðrum þáttum rannsóknarinnar. Bukkur er sonarsonur Kapals 16-869 frá Hvoli.

Dalasysla

Skörð, Miðdölum

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
	23-057		21-056	101	106	118	108	16,0	10,3	6,2	32,0	2,6	18,0	136
	24-052	Úlli	22-914	95	91	131	106	15,5	9,3	5,9	32,7	2,4	18,2	140
	23-051	Elfur	19-109	98	106	109	104	15,8	9,4	5,4	31,1	2,2	17,8	132
	24-059		23-054	104	111	98	104	16,2	9,7	5,4	30,8	2,4	17,7	143
	23-053		20-053	105	109	80	98	16,3	9,5	5,3	29,4	2,4	17,7	129
	24-058		23-054	99	95	94	96	15,8	9,0	5,4	30,5	2,7	18,0	133
	23-052	Gráni	17-058	95	89	103	96	15,6	9,1	5,6	31,4	2,3	17,5	135
	24-060		23-059	96	99	90	95	15,6	9,2	5,4	30,2	2,7	17,9	138
	24-053	Blær	23-918	109	86	68	88	16,7	9,4	6,1	28,8	2,9	17,8	138
							Meðaltal:	15,9	9,4	5,6	30,9	2,5	17,9	135

Að þessu sinni kemur ekki fram mjög afgerandi munur á milli hrútanna. Efstur stendur 23-057 sem sýnir reyndar talsvert mikla yfirburði í gerð sláturlamba. Mat á lifandi lömbum styður það nokkuð vel. Óðinn 15-992 frá Skörðum er FMF hans. Móðir 23-057 er undan hrút frá Vatni sem skilaði góðu, Siggí feiti 19-636 hét hann sá. Móðurmóðurfaðir er síðan Rafall 09-881 frá Úthlíð. 24-052 sonur Úlla 22-914 frá Ytri-Skógum á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva og stigast best fyrir læri. Móðir hans var dóttir Grána 17-058 sem hér er mikill ættfaðir og var sonur Óðins 15-992. 24-052 hefur verið felldur en var arfblandinn fyrir mögulega verndandi geninu C151.

Stóra-Vatnshorn, Haukadal

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Óðinn	24-046	Úlli	22-914	105	115	114	111	18,3	10,9	6,9	30,1	3,2	18,1	131
Haukur	18-001	Gyllir	17-554	118	99	113	110	19,4	10,8	7,2	30,9	3,4	17,8	140
Ýmir	24-044	Jór	23-931	113	95	113	107	19,1	10,6	7,2	30,5	3,4	17,9	134
Frikki	23-038	Hnaus	20-890	102	104	108	105	18,1	10,9	7,2	30,3	3,5	18,0	130
Þór	24-043	Jónsi	23-039	111	92	99	101	18,9	10,8	7,5	30,2	3,9	18,0	133
Reynir	22-030	Hlekkur	18-008	103	93	102	99	18,2	10,5	7,3	30,2	3,3	17,6	133
Magni	23-036	Alli	19-885	90	106	102	99	17,3	10,2	6,6	29,8	3,4	17,8	135
Týr	24-045	Jór	23-931	97	90	78	88	17,7	10,1	7,0	28,0	3,1	17,6	134
Loki	24-042	Haukur	18-001	86	94	83	88	16,9	9,8	6,6	28,6	3,5	17,6	137
Flóni	23-041	Þór	21-896	85	102	69	85	16,8	10,3	6,9	27,5	3,8	17,9	138
							Meðaltal:	18,0	10,5	7,0	29,8	3,4	17,8	134

Óðinn 24-046 stendur hér efstur í heildina og er hann sonur Úlla 22-914 frá Ytri-Skógum. Óðinn sýnir nokkra yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar og stigast dætur hans t.d. best fyrir læri. Óðinn er arfblandinn fyrir mögulega verndandi geninu C151. Móðir Óðins rekur báðar ættir sínar til Dúdda 14-699 sem var þekktur kynbótagripur í Suðurdölum fyrir nokkrum árum. Haukur 18-001 var gamall höfðingi úr Kolbeinsstaðarhreppi sem stendur þarna vel fyrir sínu og á þyngsta sláturlambahópinn. Hann er arfblandinn fyrir mögulega verndandi geninu H154. Haukur er aðkeyptur frá Hraunsmúla, sonur Gyllis 17-554 sem þar skilaði góðu á sinni tíð. Móðurfaðir Hauks var Kjarni 13-927 frá Brúnastöðum í Fljótum. Ýmir 24-004 er sonur Jós 23-931 frá Hesti. Dætur hans koma sterkar út úr dómum og

fallþungi sláturlamba er 1,1 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar. Ýmir er arfblendinn fyrir R-171.

Gillastaðir, Laxárdal

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Sörli	24-185	Steinn	23-926	111	131	123	122	19,2	11,9	6,6	30,5	3,0	17,8	139
Gullfoss	24-195	Gullmoli	22-902	107	123	112	114	18,8	11,4	6,5	30,2	3,5	17,9	138
Alex	24-186	Bjarki	23-922	94	114	119	109	17,8	10,7	6,4	31,1	3,2	17,6	136
Mergur	24-189	Moli	23-919	95	99	95	96	17,9	10,9	7,1	29,0	3,2	17,4	139
Golsi minn	23-187	Ljóri	21-192	89	81	102	91	17,4	9,9	6,8	30,4	4,0	17,8	134
Surtur	24-181	Steinn	23-926	104	69	70	81	18,5	10,8	7,7	28,9	4,1	17,7	149
							Meðaltal:	18,3	10,9	7,0	29,8	3,6	17,7	140

Sörli 24-185 sonur Steins 23-926 frá Kaldbak stendur hér efstur og sýnir talsvert mikla yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Hann á best gerða sláturlambahópin sem jafnframt eru fremur fitulítill miða við fallþungann. Sörli er dóttursonur Bauks 15-818 frá Hrappsstöðum og er arfblendinn fyrir R171. Gullfoss 24-195 sonur Gullmola 22-902 frá Þernunesi skilar hér hagstæðum niðurstöðum í öllum þáttum rannsóknarinnar en því miður hefur þessi hrútur ekki fengið R171 frá föður sínum. Hann hefur nú verið felldur en móðir hans var dóttir Drjúgs 17-808 frá Hesti. Alex 24-186 hyrndur sonur Bjarka 23-922 frá Hafrafellstungu kemur vel út úr mati á lifandi lömbum og kjötmatshlutanum en fallþungi sláturlamba er 0,6 kg undir meðaltali rannsóknarinnar. Móðir hans er sonardóttir Bílds 14-800 frá Árbæjarhjáleigu. Alex er arfblendinn fyrir R171.

Magnússkógar, Hvammssveit

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Örvar	24-154	Bogi	21-909	99	117	114	110	17,6	10,7	6,7	29,8	2,5	18,1	139
Öngull	24-152	Laxi	19-903	99	106	121	109	17,6	10,3	6,7	31,9	2,9	17,9	129
Einir	24-153	Angi	18-882	93	123	108	108	17,0	10,5	6,3	30,2	2,7	17,9	139
Hringur	24-150	Gullmoli	22-902	108	95	101	101	18,2	11,0	7,7	29,7	3,1	18,3	137
Glæsir	21-011	Kóngur	20-470	103	91	109	101	17,9	10,0	6,9	30,6	2,7	17,9	133
Gotti	20-177	Gutti	13-984	101	90	105	99	17,7	9,5	6,5	30,1	2,9	18,1	129
Móri	23-142	Grettir	20-877	101	105	87	98	17,7	9,6	6,0	29,1	2,3	17,4	133
Korkur	23-133	Hasselhoff	21-012	93	93	103	96	17,0	9,4	6,4	29,8	3,0	18,2	127
Smyrill	22-118	Fálki	17-821	106	96	85	96	18,1	10,3	7,0	29,6	3,4	18,0	126
Kubbur	24-151	Úlli	22-914	94	99	91	95	17,1	9,9	6,6	28,6	2,6	17,9	136
Æsir (Svín)	22-124	Glæsir	21-011	102	91	76	90	17,8	9,8	6,7	28,7	3,1	17,8	134
							Meðaltal:	17,6	10,1	6,7	29,8	2,8	17,9	133

Örvar 24-154 stendur hér efstur í heildina en hann er sonur Boga 21-909 frá Skarðaborg. Móðir Örvars er dóttir Dals 17-870 frá Ásgarði. Næstur honum í heildina er Öngull 24-152 sonur Laxa 19-903 frá Svarfhóli. Hann á þarna þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva. Móðir Önguls er sonardóttir Bergs 13-961 frá Bergsstöðum á Vatnsnesi. Öngull er arfhreinn fyrir mögulega verndandi arfgerðinni H154 en hann drapst því miður sl. haust. Einir 24-153 sonur Anga 18-882 frá Borgarfelli skilar þarna góðu um flest ekki síst í kjötmatshlutanum. Móðir Einis er sonardóttir Kústs 14-965 frá Garði. Hringur 24-150 sonur Gullmola 22-902 frá Þernunesi á þarna best gerða

sláturlambahópurinn og það endurspeglast vel í lærastigum lifandi lamba. Hringur er sivalhyrndur og arfblendinn fyrir R171.

Ásgarður, Hvammssveit

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Gullmoli	21-427	Kostur	19-849	102	113	100	105	17,9	11,4	6,7	31,6	3,4	17,6	133
Klaki	23-444	Frosti	22-913	102	101	107	103	17,9	11,2	6,9	32,0	3,1	17,4	137
Skelfir	24-449	Bjarki	23-922	107	106	91	101	18,3	11,2	6,7	30,6	3,2	17,6	128
Grettir	24-447	Gullmoli	22-902	91	107	104	101	16,7	11,0	6,6	32,4	3,7	17,6	139
Seljan	24-450	Birkiland	23-927	101	87	111	99	17,8	10,6	6,9	31,7	3,3	17,8	137
Hyltur	24-454	Pyttur	23-442	97	95	94	95	17,4	10,5	6,5	30,6	3,1	17,5	133
Túli	24-453	Bolti	23-932	98	91	92	94	17,6	10,4	6,5	31,2	3,5	17,5	139
Meðaltal:								17,7	10,9	6,7	31,4	3,3	17,6	134

Hér kemur ekki fram verulegur munur á milli hrútanna en tveir eldri hrútar hleypa engum veturgömlu hrútanna fram fyrir sig í heildareinkunn. Gullmoli 21-427 sonur Kosta 19-849 frá Ytri-Skógum er orðinn langreyndur og öruggur sem lambafaðir. Hann stendur hér efstur í afkvæmarannsókn þriðja haustið í röð. Klaki 23-444 sonur, Frosta 22-913 sem héðan fór til þjónustu við stöðvarnar og hefur reynst prýðilega, er síðan annar. Að baki móður Klaka í annan ættlið standa þeir Fáfir 16-995 frá Mýrum 2 MFF og Hrauni 12-948 frá Hjarðarfelli MMF. Bæði Gullmoli og Klaki voru arfhreinir fyrir mögulega verndandi geninu H154 en eru nú fallnir.

Skerðingsstaðir, Hvammssveit

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Tvinni	24-253		23-239	103	112	120	112	17,5	10,3	6,5	31,0	3,3	17,6	138
Spotti	24-252	Styrmir	23-930	95	118	121	111	16,7	10,9	6,8	31,6	3,4	17,8	140
Vaður	24-258	Steinn	23-926	101	101	121	107	17,4	9,9	6,5	30,4	2,4	17,5	142
Taumur	24-254		23-239	102	96	120	106	17,4	9,0	5,8	30,9	3,0	17,5	132
Þráður	24-255	Allason	23-242	86	128	93	102	16,1	10,0	5,5	29,2	3,1	17,5	135
Blær	21-252	Kostur	19-849	105	100	102	102	17,7	10,4	7,0	31,3	4,3	17,8	139
Hnúskur	24-260	Moli	23-919	104	116	87	102	17,6	10,3	6,3	29,8	4,2	17,8	143
Pési	22-273	Ýmir	20-249	102	95	99	99	17,4	9,5	6,4	29,8	3,3	17,7	137
Strengur	24-256	Blær	21-252	98	96	99	97	17,1	10,0	6,8	30,5	3,5	17,3	137
Hnykill	24-251	Laxi	19-903	103	70	82	85	17,6	8,6	6,4	28,9	3,2	17,5	136
Göndull	24-257	Móri	19-888	105	62	58	75	17,7	9,1	7,3	28,4	4,2	17,4	136
Meðaltal:								17,3	9,8	6,4	30,1	3,5	17,6	138

Tvinni 24-253 stendur hér efstur í heildina og sýnir góða útkomu í öllum þáttum rannsóknarinnar. Faðir Tvinnna er aðkeyptur frá Geirmundarstöðum og að baki honum í annan lið standa þeir Steðji 20-879 frá Ytri-Skógum FF og Rammi 18-834 frá Hesti MF. Móðir Tvinnna er frá Magnússkógum sonardóttir Rafals 09-881 frá Úthlíð. Spotti 24-252 sonur Styrmis 23-930 frá Hríshóli kemur hér sterkur út úr mati á lifandi lömbum og í kjötmatinu en fallþungi sláturlamba er 0,6 kg undir meðaltali rannsóknarinnar. Móðir Spotta, Jollafín 21-846, er sonardóttir Tvists 14-988 frá Hríshóli. Spotti er arfblendinn fyrir R171. Vaður 24-258 er sonur Steins 23-926 frá Kaldbak. Hans yfirburðir liggja fyrst og

fremst í mati á lifandi lömbum. Vaður er kollóttur og móðurfaðir hans kaupahrútur frá Árbæ í Reykhólasveit. Vaður er arfblendinn fyrir R171. Sömu sögu er að segja um Taum 24-254 að því leyti að hann sækir sína yfirburði eingöngu í mat á lifandi lömbum. Taumur er arfblendinn fyrir mögulega verndandi arfgerðinni H154 og samfeðra Tvinna 24-253 sem getið er um hér að ofan.

Breiðabólsstaður, Fellsströnd

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Ýmir	22-770	Rammi	18-834	117	93	135	115	17,6	9,7	6,7	32,2	2,7	17,5	126
Njörður	22-775	Kurdo	20-878	112	109	113	111	17,0	9,8	6,3	30,5	2,7	17,5	132
Gosi	23-790	Prins	22-548	102	119	111	111	16,3	9,6	5,8	30,9	2,9	17,3	136
Roði	23-787	Jaður	20-891	110	105	116	110	16,9	10,2	6,8	30,6	2,7	17,5	130
Skalli	23-783	Everest	20-757	100	112	94	102	16,1	9,8	6,2	29,4	2,8	17,3	136
Skafl	24-601	Jór	23-931	93	87	107	96	15,5	8,9	6,3	30,0	3,1	17,8	127
Smyrill	24-704	Jór	23-931	91	104	87	94	15,4	9,1	5,9	28,8	2,8	17,4	128
Óðinn	24-706	Ýmir	22-770	105	72	97	91	16,5	9,3	7,1	30,2	3,3	17,4	128
Dreyri	22-771	Galli	20-875	93	92	84	90	15,5	9,3	6,4	29,0	3,1	17,3	129
Skúmur	24-702	Kjarni	23-786	84	100	56	80	14,9	8,7	5,6	28,0	3,0	16,8	122
							Meðaltal:	16,1	9,4	6,3	30,0	2,9	17,3	130

Í þessari rannsókn eru fjórir veturgamlir hrútar í samanburði við eldri hrúta. Þeir eldri hafa alveg yfirhöndina í þessum samanburði, þeir veturgömlu lúta í lægra haldi. Efstur í heildareinkunn er Ýmir 22-770 sonur Ramma 18-834 frá Hesti. Eins og títt er um marga syni Ramma sækir hann yfirburði sína ekki síst í mat á lifandi lömbum enda dæturnar að mælast með afgerandi þykkastan bakvöðva. Yfirburðir í fallþunga sláturlamba eru einnig miklir, fallþungi sláturlamba undan Ými er 1,5 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar. Njörður 22-775 sonur Kurdos 20-878 frá Sveinungsvík skilar nokkuð jöfnum yfirburðum í öllum þáttum rannsóknarinnar, greinilega ágætur lambafaðir hér á ferð. Þessi hrútur er nú fallinn en að baki móður hans í öðrum ættlið standa þeir Toppur 13-964 frá Kaldbak MFF og Soffi 10-885 frá Garði MMF. Gosi 23-790 kemur vel út, skilar sláturlömbum sem sameina vel góða gerð og litla fitu. Gosi er dóttursonur Ramma 18-834 en rekur að öðru leyti ættir til að byrja með að Geirmundarstöðum og Ásgarði. Roði 23-787 sonur Jaðurs 20-891 frá Múlakoti er sá hrútur sem skilar best gerða sláturlambahópnum. Móðurfaðir Roða er Spakur 14-801 frá Oddsstöðum.

Valpúfa, Fellsströnd

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn liflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Herkúles	23-302	Hades	20-306	103	118	105	109	18,4	10,0	6,9	30,5	3,0	17,3	149
Gimli	23-306		22-303	96	104	123	107	17,8	8,9	6,4	30,8	2,9	17,4	143
Dúlli	24-302	Úlli	22-914	92	116	114	107	17,5	9,7	6,6	30,3	3,0	17,6	143
Kálfur	24-307	Sævar	21-897	95	105	119	106	17,7	9,4	6,8	30,3	2,8	17,5	147
Hængur	24-308	Snar	22-263	114	97	99	103	19,1	8,9	6,7	29,6	3,0	17,4	142
Glóinn	24-301	Gimli	23-306	103	110	92	101	18,3	9,6	6,9	29,8	3,6	17,6	143
Klængur	24-309	Snar	22-263	112	96	91	100	19,0	9,3	7,0	28,7	3,0	17,5	145
	24-304	Laxi	19-903	84	104	98	95	17,0	8,6	5,9	30,2	3,0	17,3	132
Rauðbarði	24-314	Glói	21-505	104	98	78	93	18,4	9,7	7,3	29,3	3,4	17,3	139
Stimpill	24-310	Túrbó	22-305	101	87	85	91	18,1	9,1	7,0	29,1	3,0	17,3	144
Túrbó	22-305	Kurdo	20-878	100	71	97	89	18,1	8,8	7,3	29,8	2,9	17,3	144
							Meðaltal:	18,1	9,2	6,8	29,8	3,0	17,4	143

Hér kemur ekki fram mjög mikill munur á afkvæmahópunum. Herkúles 23-302 stendur efstur að þessu sinni en hann skipaði annað sætið í afkvæmarannsókn hér 2024. Hann á núna best gerða sláturlambahópin. Herkúles hefur nú verið fellur en hann var sonur Hadesar 20-306 sem hér reyndist þrýðilega og var sonur Amors 17-831 frá Snartarstöðum. Gimli 23-306 skipaði þriðja sætið í fyrri en hann sýnir nú talsvert mikla yfirburði í mati á lifandi lömbum. Stöðvahrútar standa nokkuð langt að baki Gimla en hann er að uppruninn mikið héðan og frá Geirmundarstöðum. Dúlli 24-302 sýndi talsverða yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum en fallþungi sláturlamba er 0,6 kg undir meðaltali rannsóknarinnar. Dúlli er sonur Úlla 22-914 frá Ytri-Skógum.

Kjarlaksvellir, Saurbæ

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn liflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Dalur	24-270	Laxi	23-256	105	114	117	112	19,3	11,5	6,7	30,8	2,5	18,2	145
Kolbeinn	24-274	Hábeinn b	20-269	95	120	95	104	18,3	11,1	6,3	29,6	2,3	18,0	139
Móberg bst	24-275	Stapi	23-259	98	89	102	96	18,6	10,0	6,4	30,4	2,2	17,7	147
Steinn	23-250	Tristan	22-291	97	100	91	96	18,5	10,7	6,7	29,4	2,2	17,6	141
Kopar	24-265	Hornsteinn	22-901	106	83	91	93	19,4	10,3	6,8	30,7	2,7	17,5	142
							Meðaltal:	18,8	10,7	6,6	30,2	2,4	17,8	143

Hér stendur nokkuð afgerandi efstur í heildareinkunn Dalur 24-270 . Hann á best gerða sláturlambahópin og lifandi lömb undan honum skara fram úr öðrum í dómum og mælingum. Dalur er smáhnýflóttur og arfblandinn gagnvart R171 og með H154 á móti. Faðir hans er aðkeyptur frá Laxárdal 3 sonur Gimsteins 21-899 frá Þernunesi. Móðurmóðir Dals er dóttir Korneliusar 10-945 frá Stóru-Tjörnum.

Stórholt, Saurbæ

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn liflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Ingví	24-181	Styrmir	23-930	100	128	124	117	16,7	9,9	5,5	30,9	3,4	17,6	142
Balli	23-189	Baldur	19-886	99	121	109	110	16,7	10,2	5,9	29,8	3,5	17,7	138
Steingrímu	23-195	Steini	22-180	115	106	102	108	18,0	9,8	6,1	29,0	3,3	17,7	132
Sópran	24-185	Tenór	23-190	102	111	110	107	16,9	9,8	6,0	29,7	3,3	17,5	132
Blakkur	24-182	Sævar	21-897	98	81	139	106	16,6	9,0	6,2	31,1	3,0	17,4	133
Siggí	23-188	Hnaus	20-890	107	104	104	105	17,3	10,1	6,4	29,7	3,5	17,5	139
L'amour	24-180	Ástríkur	20-201	97	103	109	103	16,5	8,9	5,4	30,3	3,4	17,4	139
Gustur	24-195	Blær	23-918	104	91	98	98	17,1	9,4	6,3	29,0	3,2	17,5	134
Kári	24-196	Blær	23-918	95	95	101	97	16,3	9,2	6,0	29,6	3,8	17,6	146
Smeyginn	24-184	Þráinn	22-184	98	110	82	97	16,6	9,1	5,4	28,1	3,1	17,1	133
Frændi	24-192	Laxi	19-903	108	92	88	96	17,4	9,4	6,2	29,4	3,5	17,0	138
Löður	24-197	Hreinn	23-920	96	93	95	95	16,4	8,7	5,7	29,3	3,5	17,3	136
Snar	23-193	Alli	19-885	101	85	92	93	16,9	9,6	6,7	29,7	4,1	17,6	137
Drösull	24-199	Jór	23-931	94	80	104	93	16,2	9,0	6,5	29,5	3,1	17,1	142
Halli	24-191	Laxi	19-903	92	105	59	85	16,1	8,7	5,2	26,6	3,5	17,0	136
Raftur	22-181	Kurdo	20-878	90	96	63	83	15,9	9,1	5,9	28,3	4,3	17,3	140
Meðaltal:								16,8	9,4	6,0	29,5	3,5	17,4	137

Hér er nokkuð umfangsmikil afkvæmarannsókn að þessu sinni. Ingví 24-181 sonur Styrmis 23-930 frá Hríshóli stendur efstur í heildina. Sýnir mikla yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum en fallþungi sláturlamb liggur við meðaltal rannsóknarinnar. Ingví hefur því miður ekki fengið R171 í arf frá föður sínum. Að baki móður hans í annan lið standa þeir Jónas 12-949 frá Miðgarði MFF og Dreki 13-953 frá Hriflu MMF. Balli 23-189 en sonur Baldurs 19-886 frá Syðri-Urriðaá. Hann sækir yfirburði sýna að stórum hluti í kjötmatið og á þarna best gerða sláturlambahópin. Balli er arfblendinn gagnvart mögulega verndandi arfgerðinni H154. Móðurfaðir hans er Mjöltnir 16-828 frá Efri-Fitjum. Steingrímur 23-195 sýnir þarna mikla yfirburði í fallþunga sláturlamba og eru þau 1,2 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar. Faðir Steingríms er aðkeyptur frá Stað við Steingrímsfjörð en móðurfaðir frá Húsavík við sama fjörð. Þessi hrútur er kollóttur. Blakkur 24-182 sonur Sævars 21-897 frá Ytri-Skógum sýnir talsverða yfirburði í mati á lifandi lömbum og mælast dætur hans með þykkastan bakvöðva.

Barðastrandarsýslur

Hríshóll 2, Reykhólasveit

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Frændi	23-541	Gullmoli	22-902	110	100	142	118	17,9	10,6	6,7	32,4	3,6	18,0	138
Armur	22-554	Amor	17-831	111	104	112	109	17,7	11,3	7,2	31,7	3,9	17,8	134
Mógolsi	23-235	Grettir	20-877	107	101	112	107	17,7	10,8	6,9	31,4	3,7	17,7	143
Hausti	23-233	Hnaus	20-890	108	90	121	106	17,8	10,4	6,9	32,1	3,8	17,8	135
Málsteinn	24-246	Steinn	23-926	95	109	105	103	16,6	10,1	6,1	30,8	3,5	17,5	133
Jón Reynir	22-001	Hörður	20-124	97	100	103	100	16,8	10,1	6,3	28,8	2,9	18,0	129
Hvítsteinn	24-252	Steinn	23-926	101	99	92	97	17,1	10,2	6,5	28,6	2,8	17,4	132
Púki	22-558	Rassbútín	21-550	95	104	83	94	16,6	9,9	6,1	28,5	3,3	17,7	133
TandurHrej	24-247	Hreinn	23-920	88	108	86	94	16,1	9,4	5,6	28,9	3,2	17,4	133
Rofi	24-245	Strokkur	21-898	93	102	69	88	16,4	9,9	6,2	28,4	3,7	17,3	132
T137	24-242	Tjaldur	23-933	91	80	56	75	16,3	8,6	5,7	28,1	3,3	17,2	140
Meðaltal:								17,0	10,2	6,4	30,2	3,5	17,6	135

Frændi 23-541 sonur Gullmola 22-902 frá Þernunesi stendur hér nokkuð efstur í heildina en í fyrra var hann annar í röðinni. Yfirburðina sækir hann í mat á lifandi lömbum og fallþunga sláturlamba. Frændi er frá Miðdalsgröf og er tvílembingur á móti Mola 23-919 sem skilaði góðu í gegnum sæðingar. Frændi er líkt og bróðir sinn arfblandinn fyrir R171. Armur 22-554 er sonur Amors 17-831 frá Snartarstöðum. Hann kemur þarna vel út í öllum þáttum og á þann sláturlambahóp sem metinn er best gerður. Móðir Arms er sonardóttir Hvata 13-926 frá Hesti.

Staður, Reykhólasveit

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
	24-067	Gullmoli	22-902	107	115	125	116	18,1	10,2	6,2	30,9	3,2	18,0	135
	22-072	Dolli	19-864	109	117	105	110	18,2	10,1	6,1	29,3	2,7	17,7	136
	23-051	Hnaus	20-890	102	103	122	109	17,7	10,3	6,8	30,9	3,2	17,8	137
	24-061	Laxi	19-903	107	96	119	108	18,2	9,9	6,7	31,6	3,6	17,9	137
Staður A	24-071	Réttur	23-300	93	105	107	102	17,0	9,4	6,0	29,5	3,0	17,8	134
	23-056	Alli	19-885	101	96	77	91	17,5	9,4	6,3	29,1	3,6	17,4	137
	24-069	Blær	23-918	107	80	85	91	18,0	9,1	6,5	28,6	3,3	17,8	138
SraðurB	24-072	Moli	23-919	97	85	81	88	17,2	9,4	6,7	27,8	3,4	18,0	139
Gilli Djúpi	24-070		23-001	87	103	72	87	16,5	9,3	6,0	26,7	2,9	17,7	130
Meðaltal:								17,5	9,6	6,3	29,4	3,2	17,8	136

Efstur í heildareinkunn stendur hrútur númer 24-067 undan Gullmola 22-902 frá Þernunesi. Hann sýnir talsverða yfirburði í öllum þáttum. Móðurfaðir er kauphrútur frá Melum 1 í Árneshreppi. 24-067 er arfblandinn fyrir R171. Hrútur númer 22-072 er sonur Dolla 18-864 frá Miðdalsgröf. Hann kemur sterkur út úr samanburðinum en þó einkum kjötmatinu og fallþunganum. Móðurfaðir hér er kauphrútur frá Gautsdal. Hrútur númer 23-051 undan Hnaus 20-890 frá Mýrum 2 skilar sterku mati á lifandi lömbum og bestri gerð sláturlamba. Móðir 23-051 er sonardóttir Kornelíusar 10-945 frá Stóru-Tjörnum og hér er arfblandinn gipur fyrir H154.

Fremri-Gufudalur, Gufudalssveit

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Sóli	23-409	Úlli	22-408	113	111	116	113	20,8	10,5	6,6	30,4	2,9	17,4	137
Úði	23-407	Hnokki	21-040	86	118	108	104	18,4	10,5	6,3	29,7	3,3	17,8	127
Blossi	22-372	Bossi	19-352	113	96	102	104	21,0	10,4	7,1	29,6	3,0	17,4	141
Flóki	24-418	Moli	23-919	99	104	99	101	19,4	11,4	7,7	31,0	5,0	18,3	142
Hrútbirt	24-411	Blær	23-918	99	100	100	100	19,5	10,5	7,0	29,3	3,6	17,9	135
Þór	24-422	Glúmur	23-049	100	87	111	99	19,5	10,3	7,4	29,6	2,8	17,7	139
Nói	24-415	Blær	23-918	98	100	78	92	19,3	9,9	6,4	28,2	3,8	17,7	141
Þorpari	23-402	Lúlli	21-041	95	79	78	84	19,1	10,0	7,5	28,8	4,4	17,8	140
Meðaltal:								19,6	10,4	6,9	29,6	3,5	17,7	137

Sóli 23-409 stendur langefstur í heildareinkunn með talsverða yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Sóli er svartfleckóttur kollóttur og arfblandinn gagnvart H154. Í ættartré hans er ekki að finna einn einasta stöðvahrút sem er óvanalegt með hrút sem stendur efstur í afkvæmarannsókn. Þessi hrútur er með sterkt kynbótamat hvað dætraeiginleika varðar og allrar athygli verður.

Brjánslækur, Barðaströnd

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Ímir	24-217	Guttormur	22-203	113	105	121	113	20,7	11,6	7,3	32,3	2,9	18,0	151
Hlekkur	23-212	Gikkur	22-202	108	83	128	106	20,2	11,2	7,8	32,6	2,9	18,0	161
Hlér	23-209	Flóni	21-912	80	118	113	104	17,6	11,5	6,7	30,8	2,9	18,0	160
Illí	24-214	Flokkur	21-239	101	105	101	102	19,5	11,6	7,4	30,6	2,9	17,7	153
Immi	24-216	Hlér	23-209	90	100	104	98	18,7	11,1	7,0	30,9	3,4	17,9	152
Iceguy	24-215	Glaumbær	22-207	115	91	87	98	20,9	10,9	7,2	30,1	3,5	18,1	157
Gikkur	22-202	Flokkur	21-239	104	95	88	96	19,7	10,8	6,9	30,2	3,5	18,0	150
Góli	22-201	Flóni	21-912	88	116	78	94	18,4	11,7	7,0	29,6	3,7	17,8	160
Fannar	21-237	Fennir	19-857	103	90	79	91	19,7	11,4	7,8	30,0	3,3	17,6	155
Meðaltal:								19,5	11,3	7,2	30,7	3,2	17,9	155

Hér stendur efstur í heildareinkunn Ímir 24-217 og sækir hann yfirburði sína fyrst og fremst í mat á lifandi lömbum og fallþungaeinkunn. Stöðvahrúta er ekki að sjá í ættartré Ímis en þar má sjá gripi frá Árbæ og Melum 1 í bland við heimaféð. Hlekkur 23-212 á athygliverðan gimbrahóp en sláturlömbin eru í feitari kantinum. Þessi hrútur rekur ættir í Brjánslækjarféð, með svolitlu Árbæjar ívafi.

Ísafjarðarsýsla

Ketilseyri, Dýrafirði

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Neisti	22-061	Fálki	20-061	127	123	90	113	18,5	11,4	7,3	28,8	3,5	17,6	135
Gunni	24-062	Bogi	21-909	110	135	78	108	17,2	11,1	6,6	27,8	3,2	17,5	134
Mánabaugi	20-201	Amor	17-831	109	88	118	105	17,1	10,1	7,5	30,6	3,6	17,6	136
Lúlli	24-060	Úlli	22-914	98	112	104	104	16,1	9,9	6,1	29,4	3,3	17,6	134
Örvar	24-061	Bogi	21-909	97	100	98	98	16,1	9,5	6,4	29,4	3,4	17,4	133
Glámur	24-058	Hrímnir	22-066	89	89	111	97	15,4	9,0	6,4	30,3	3,3	17,2	135
Skrúður	24-065	Gullmoli	22-902	103	98	82	94	16,7	9,9	6,8	29,9	4,6	17,5	137
Öræfajökul	22-222	ÓÐINN	21-164	80	76	110	89	14,8	8,7	6,6	29,1	2,7	17,1	135
Ljómi	24-056	Glitri	21-910	83	82	100	88	14,8	8,8	6,5	29,2	3,1	17,2	137
Meðaltal:								16,4	9,9	6,8	29,4	3,4	17,4	135

Hér stendur kollótti hrúturinn Neisti 22-061 efstur í heildareinkunn en þá yfirburði sækir hann eingöngu í fallþungaeinkunn og kjötmatið. eru afkvæmi Neista nokkuð afgerandi best gerð í þessum samanburði jafnframt því að fallþungi er 1,9 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar. Neisti er sonarsonur Fálka 17-821 frá Bassastöðum. Gunni 24-062 kemur sterkur út úr kjötmatshlutanum og skilar talsverðum yfirburðum í vænleika. Gunni er arfblandinn fyrir H154 með N138 á móti. Hann er sonur Boga 21-909 frá Skarðaborg og dóttursonur Mjölnis 16-828 frá Efri-Fitjum.

Strandasýsla

Melar 1, Árneshreppi

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Jaki	24-370	Steinn	23-926	112	114	143	123	20,8	13,2	7,9	33,2	4,5	18,6	127
Prins	24-372	Moli	23-919	102	114	93	103	20,1	13,0	7,9	31,3	4,4	17,8	125
Twistur	24-373	Gullmoli	22-902	93	103	89	95	19,2	12,3	7,8	31,1	4,6	17,9	121
Grámi	23-065	Grábiti	19-149	87	83	95	89	18,7	10,8	7,1	31,6	4,4	17,8	125
Klaki	24-375	Kristall	23-917	100	82	48	77	20,0	12,3	8,4	30,7	5,7	17,9	127
Meðaltal:								19,9	12,4	7,8	32,0	4,7	18,1	125

Hér er það Jaki 24-370 sem ber höfuð og herðar yfir aðra hrúta þetta haustið. Dætur hans bera langt af öðrum hópum í ómmælingum og dómum. Sláturlömbin eru 0,9 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar í fallþunga og gerð þeirra sú besta. Jaki er sonur Steins 23-926 frá Kaldbak en móðurfaðir hans er kaupahrútur frá Miðdalsgröf. Jaki er faðir Fána 25-831 sem keyptur var á sæðingastöð sl. haust. Prins 24-372 sonur Mola 23-919 frá Miðdalsgröf skilar mjög góðri gerð sláturlamba en skarar ekki fram úr að öðru leyti. Prins er dóttursonur Glæsis 19-887 frá Litlu-Ávík. Jaki og Prins eru báðir arfblandnir gagnvart R171.

Miðdalsgröf, Tungusveit

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Geisli	23-343	Gullmoli	22-902	109	105	127	114	19,2	12,8	8,0	31,8	4,0	18,2	135
Sorti	24-301	Steinn	23-926	108	110	107	108	19,2	12,1	7,1	30,7	3,7	18,2	134
Netti	22-334	Örn	18-124	99	108	114	107	18,4	11,3	6,5	32,8	4,6	18,1	138
Galdr	24-305	Geisli	23-343	95	112	103	103	17,9	12,3	7,3	31,5	4,7	18,2	138
Gói	24-306	Geisli	23-343	103	97	97	99	19,0	12,3	8,0	31,0	4,5	18,0	137
Ninni	23-347	Netti	22-334	103	101	85	96	18,7	11,7	7,2	30,7	4,5	17,8	135
Kukl	24-304	Geisli	23-343	93	105	79	92	17,9	12,1	7,5	29,9	4,4	17,6	136
Greifi	24-309	Geisli	23-343	100	87	82	89	18,5	11,3	7,4	30,0	4,5	17,6	138
Nökkvi	24-308	Ninni	23-347	93	83	83	86	17,9	11,1	7,4	31,4	4,8	17,6	137
Meðaltal:								18,5	11,8	7,3	31,2	4,4	18,0	136

Hér stendur efstur Geisli 23-343 sonur Gullmola 22,802 frá Þernunesi. Þessi hrútur stefnir í að verða atkvæða mikill ættfaðir í sauðfjárstofni landsmanna þó hann færi aldrei að heiman sjálfur. Hann er faðir Elliða 24-961 frá Heydalsá 1 sem fór á sæðingastöð haustið 2024 og faðir Ljóma 25-829 og föðurfaðir Sprota 25-824 sem báðir voru keyptir frá Miðdalsgröf til hrútasköðvanna síðastliðið haust. Geisli stóð einnig efstur í afkvæmarannsókn hér haustið 2024. Móðir Geisla er aðkeypt frá Broddanesi 1. Sorti 24-301 sonur Steins 23-926 frá Kaldbak skilar hér nokkrum yfirburðum í öllum þáttum rannsóknarinnar. Hann er arfblendinn gagnvart R171. Móðurfaðir hans er aðkeyptur hrútur frá Hríshóli 1 í Reykhólasveit.

Klúka, Tungusveit

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Skarpi	24-412	Ingó	23-118	110	122	110	114	19,6	11,9	7,6	29,4	4,4	17,8	142
Lopi	24-405	Bjarki	23-922	94	122	109	108	17,7	11,0	7,4	30,0	4,5	17,6	148
Rikki	24-409	Gullmoli	22-902	107	91	117	105	19,0	10,0	7,4	30,9	4,5	17,5	144
Hrifla, Þingeyjarsveit

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Myrkvi	23-065	Krókur	19-069	99	146	129	125	16,9	11,6	6,3	34,3	2,6	18,1	143
Fontur	24-047	Fannar	23-925	110	124	137	124	17,9	11,1	6,6	34,3	2,5	18,1	141
Flaumur	24-040	Frakki	20-045	106	112	115	111	17,6	10,4	6,4	32,7	2,3	17,9	130
Rokkur	23-072	Strokkur	21-898	93	118	109	107	16,4	10,2	6,0	31,9	2,2	18,1	143
Massi	24-044	Moli	23-919	99	105	111	105	16,9	9,7	5,9	32,4	2,3	17,9	143
Kláfur	24-043	Klakkur	23-070	105	89	113	102	17,4	10,5	7,4	32,8	2,4	17,8	143
Bifur	24-048	Birkiland	23-927	103	119	76	99	17,3	10,5	6,1	31,2	2,7	17,4	138
Klammi	24-042	Klakkur	23-070	100	83	107	97	17,0	9,2	6,3	33,4	3,1	17,8	142
Straumur	24-049	Styrmir	23-930	90	85	101	92	16,0	9,1	6,1	32,3	2,5	17,6	134
Jarmur	24-050	Jór	23-931	102	64	95	87	17,1	8,5	6,3	32,4	2,6	17,4	137
Mörður	24-046	Móði	23-921	98	97	61	85	16,8	9,1	5,7	29,5	2,0	17,0	140
Minkur	24-045	Móði	23-921	98	56	48	67	16,8	8,5	6,7	30,1	3,2	17,3	147
Meðaltal:								17,0	9,8	6,3	32,2	2,5	17,7	141

Tveir hrútar standa hér langt ofar öðrum í heildareinkunn. Annar þeirra er Myrkvi 23-065 sem einnig stóð hér ofarlega í afkvæmarannsókn 2024. Hann skilar nú afgerandi best gerða sláturlambahópnum og mat á lifandi lömbum styður vel við það. Myrkvi er dóttursonur Gláms 16-825 frá Svartárkoti. Hinn topphrúturinn er veturgamall og heitir Fontur 24-047 sonur Fannars 23-925 frá Svínafelli. Fontur skilar prýðilegum yfirburðum í öllum þáttum rannsóknarinnar og hann er jafnframt arfblendinn fyrir H154.

Lækjarvellir, Bárðardal

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn liflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Skúfur	22-172	Kurdo	20-878	110	134	126	124	17,9	11,5	6,6	32,4	2,7	18,0	131
Spakur	24-159	Frosti	22-913	99	119	114	111	16,7	10,4	6,1	31,7	2,9	17,9	134
Gambri	24-163	Landi	23-156	104	116	101	107	17,2	10,0	6,0	30,9	2,7	17,6	134
Vísir	24-161	Laxi	19-903	102	100	115	106	17,1	8,8	5,4	31,7	2,5	17,5	135
Þéttir	23-155	Fróði	18-880	94	93	103	97	16,3	9,4	6,4	30,6	2,4	17,3	144
Hængur	24-160	Laxi	19-903	101	98	88	95	16,9	9,2	5,9	29,7	2,3	17,1	138
Kóngsi	22-171	Galli	20-875	98	76	100	91	16,7	8,0	5,8	30,7	2,5	17,2	135
Ís	24-162	Háll	23-157	100	94	77	90	16,9	8,3	5,2	28,7	2,0	16,8	136
Demantur	23-151	Gimsteinn	21-899	94	74	70	80	16,2	8,2	6,0	29,4	3,2	17,2	142
Meðaltal:								16,9	9,3	5,9	30,7	2,6	17,4	137

Skúfur 22-172 sonur Kurdos 20-878 frá Sveinungsvík stendur hér efstur í heildareinkunn. Hann sýnir mikla yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Yfirburðir hans í gerð sláturlamba eru miklir og gerðin einum hærra hjá sláturlömbum hans en hjá næstbesta hrút í rannsókninni gagnvart gerð. Sömuleiðis eru sláturlömb hans 1 kg þyngri en meðaldilkurinn í þessari rannsókn. Móðurfaðir Skúfs er Gutti 13-984 frá Þóroddsstöðum. Spakur 24-159 sonur Frosta 22-913 frá Ásgarði er að skila prýðilegum niðurstöðum en þessi hrútur er arfblandinn gagnvart H154. Móðir Spaks er sonardóttir Bergs 13-961 frá Bergsstöðum. Gambri 24-163 er arfhreinn fyrir H154. Hann er að skila þarna ágætum niðurstöðum fyrir sláturlömbin. Móðir hans er sonardóttir Borkós 11-946 frá Bæ.

Úlfsbær, Bárðardal

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn liflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Skarkali	23-795	Rammi	18-834	106	103	116	108	17,0	10,3	6,6	31,6	2,6	17,4	134
Grjóni	24-779	Þór	21-896	99	124	103	108	16,4	10,4	5,9	30,2	2,4	17,6	130
Vörður	24-775	Úlli	22-914	88	100	135	108	15,2	8,9	5,3	32,0	1,8	17,8	128
Prjónn	24-778	Hraunar	23-929	107	101	113	107	17,2	9,1	5,4	30,7	1,9	17,4	131
Nagli	24-776	Bjarki	23-922	103	90	96	96	16,8	9,4	6,3	30,3	2,7	17,5	129
Skollí	24-777	Glitri	21-910	96	110	73	93	16,1	9,4	5,4	28,5	2,3	17,1	136
Urriði	24-780	Laxi	19-903	99	70	70	79	16,4	8,5	6,1	29,0	2,6	17,0	135
Meðaltal:								16,5	9,5	5,9	30,3	2,3	17,4	132

Hér stendur Skarkali 23-795 efstur í heildareinkunn og sækir hann mest í mat á lifandi lömbum. Þessi hrútur var sonur Ramma 18-834 frá Hesti og dóttursonur Durts 16-994 frá Hesti þannig að Hestblóðið var talsvert þykkt í honum. Grjóni 24-779 er sonur Þórs 21-896 frá Ytri-Skógum. Grjóni sýnir talsvert mikla yfirburði í kjötmatshlutanum. Móðir Grjóna er sonardóttir Fáfnis 16-995 frá Mýrum 2. Vörður 24-775 sonur Úlla 22-914 frá Ytri -Skógum sýnir aftur mikla yfirburði í mati á lifandi lömbum en þessi hrútur var jafnframt arfblandinn fyrir C151 mögulega verndandi arfgerðinni. Móðir Varðar er sonardóttir Kögguls 17-810 frá Hesti.

Ingjaldsstaðir, Reykjadal

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Kústur	24-171	Alli	19-885	97	113	124	111	17,5	11,5	6,9	36,9	2,7	18,7	132
Hringur	23-167	Kútur	20-188	94	125	113	110	17,2	11,9	6,8	36,8	3,3	18,9	132
Stubbur	24-175	Hraunar	23-929	117	89	99	102	19,4	11,0	7,4	36,6	3,4	18,5	135
Ljómi	24-173	Rjómi	23-162	92	104	100	99	17,0	10,1	5,8	36,3	2,9	18,0	126
Klaki	24-172	Frosti	22-913	106	87	100	98	18,3	10,3	6,7	36,6	3,3	18,3	126
Prins	24-174	Reykur	21-154	100	76	70	82	17,8	10,2	7,0	34,5	3,2	18,0	127
Meðaltal:								17,7	10,9	6,7	36,2	3,1	18,3	130

Kútur 24-171 stendur hér efstur í heildareinkunn. Hann sækir mikið í mat á lifandi lömbum en rétt er að benda á að þykkt bakvöðva í þessari rannsókn er heilt yfir fáséð. Kútur er sonur Alla 19-885 frá Snartarstöðum 2 og að baki móður hans í annan ættlið standa þeir Drangi 15-989 frá Hriflu MFF og Durtur 16-994 frá Hesti MMF. Hringur 23-167 er annar í röðinni en hann stóð efstur hér í fyrra. Hann á núna nokkuð afgerandi best gerða sláturlambahópinn. Stubbur 24-175 sonur Hraunars 23-929 frá Brúnastöðum í Flóa skilar langvænsta sláturlambahópnum og útkoma einnig góð í öðrum hlutum rannsóknarinnar. Stubbur var dóttursonur Baldurs 19-886 frá Syðri-Urriðaá og var arfblandinn fyrir R171.

Skarðaborg, Reykjahverfi

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Prúður	24-109	Frosti	22-913	95	148	109	117	17,9	11,5	6,8	33,3	2,7	17,9	137
Ormur	24-104	Moli	23-919	99	115	113	109	18,2	10,8	7,2	33,4	2,5	17,6	141
Víðir	24-136	Balli	23-116	104	96	114	105	18,7	10,4	7,7	32,9	2,7	18,2	139
Kross	23-123	Tolli	22-267	100	93	107	100	18,3	9,3	6,8	32,9	2,7	17,9	138
Þursi	24-114	Hnaus	23-110	97	84	111	97	18,1	9,7	7,4	33,1	2,3	17,4	145
Veggur	24-105	Hreinn	23-920	100	89	100	97	18,3	9,8	7,3	33,0	2,8	17,7	142
Heimdallur	18-109	Tinni	15-968	105	88	91	95	18,7	10,6	8,1	31,6	2,6	18,0	145
Hnakki	24-118	Kross	23-123	100	99	81	93	18,3	10,4	7,5	31,1	2,7	17,8	138
Meistari	24-128	Hreinn	23-920	101	84	82	89	18,4	10,1	7,9	32,2	3,0	17,5	147
Meðaltal:								18,3	10,3	7,5	32,6	2,7	17,8	141

Prúður 24-109 sonur Frosta 22-913 frá Ásgarði skipar toppsætið í heildareinkunn. Hann sækir yfirburði sína að langmestu leyti í kjötmatshlutann þar sem hann ber talsvert af öðrum hrútum í gerð sláturlambanna. Þessi hrútur er eins og vænta mátti arfblandinn fyrir H154. Ormur 24-104 sonur Mola 23-919 frá Miðdalsgröf kemur nokkuð jafn sterkur út úr þessum samanburði. Ormur er arfblandinn gagnvart R171 og að baki móður hans í öðrum ættlið standa þeir Ebiti 13-971 frá Melum 1 MFF og Mávur 15-990 frá Mávahlíð MMF.

Norður-Þingeyjarsýsla

Hafrafellstunga Öxarfirði

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Spíri	20-100	Durtur	16-994	104	109	129	114	16,9	10,6	6,7	32,4	3,4	18,0	138
Stapi	24-107	Hraunar	23-929	119	112	110	114	18,5	10,7	6,6	31,0	2,6	17,3	138
Larfur	24-102	Hreinn	23-920	98	88	92	93	16,4	9,8	6,8	29,6	2,9	17,7	137
Smáfótur	22-769	Magnús	20-763	93	101	81	92	16,3	10,6	7,0	28,9	2,9	17,4	139
Baggalútur	24-103	Steinn	23-926	93	93	87	91	16,1	10,1	6,8	30,2	3,1	17,2	137
Arfur	24-101	Hreinn	23-920	100	66	95	87	16,7	9,7	7,4	29,9	2,9	17,4	142
							Meðaltal:	16,7	10,5	6,8	30,4	3,0	17,6	139

Tveir hrútar bera hér mikið af hinum í þessum samanburði, annar langreyndur en hinn veturgamall. Sá eldri er Spíri 20-100 sonur Durts 16-994 frá Hesti. Stóran hluta yfirburða sinna sækir Spíri í mat á lifandi lömbum enda bera dætur hans af bæði í þykkt bakvöðvas og lærastigun. Sláturlömbin flokkast jafnframt prýðilega miða við fallþunga. Sá veturgamli er Stapi 24-107 sonur Hraunars 23-929 frá Brúnastöðum í Flóa. Yfirburðir hans í fallþunga eru miklir eða 1,8 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar. Hann á jafnframt best gerðu sláturlömbin þó þar muni nánast engu samanborið við sláturlömb undan Spíra 20-100 sem eru 1,6 kg léttari. Stapi er aðkeyptur frá Klifshaga 2 og er arfblendinn gagnvart R171. Móðurfaðir hans er Klettur 13-962 frá Borgarfelli.

Leifsstaðir, Núpasveit

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Væni	24-786	Gæjalegur	23-175	102	109	102	105	17,2	10,4	6,6	28,8	1,8	17,2	140
Dengsi	24-783	Kaggi	22-321	100	109	100	103	17,0	9,8	6,1	28,3	1,9	17,4	139
Dýrðlegur	24-785	Gæjalegur	23-175	106	90	103	99	17,5	10,5	7,4	28,9	2,1	17,4	145
Gæjalegur	23-175	Sanni	20-783	96	100	100	99	16,7	10,1	6,6	28,8	2,1	17,3	135
Winston	24-782	BjARRtur	23-161	100	89	94	94	17,0	10,0	7,0	28,8	2,2	17,1	138
							Meðaltal:	17,0	10,1	6,7	28,7	2,0	17,3	139

Hér kemur ekki fram mikill munur á milli hrúta. Efstur í heildareinkunn er Væni 24-786. Hann er nokkuð jafnstærkur í öllum þáttum rannsóknarinnar. Væni er svartgolsóttur að lit. Sá stöðvahrútur sem stendur honum næst er Kaldi 12-950 frá Oddsstöðum en hann er MMF.

Sveinungsvík, Þistilfirði

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Renningur	22-203	Suddi	17-872	97	107	139	114	17,5	10,8	7,4	35,4	2,4	18,2	134
Fleygur	22-103	Fálki	17-821	101	115	123	113	17,9	10,8	7,1	34,8	2,6	18,3	128
Frakkur	24-202	Frosti	22-913	103	111	117	110	18,0	10,6	7,1	35,1	3,3	18,3	136
Meiki	24-209	Glossi	23-202	102	128	96	108	17,9	10,7	6,6	32,6	2,4	17,9	138
Heidur	24-207	Hraunar	23-929	101	96	98	98	17,9	10,3	7,3	33,1	2,5	17,8	133
Gljai	24-204	Renningur	22-203	104	91	88	94	18,1	9,5	6,7	32,9	2,6	17,7	139
Fonix	24-210	FOX	23-207	98	92	71	87	17,6	9,9	7,1	32,6	3,2	17,7	145
Steinn	24-201	Hreinn	23-920	94	62	71	76	17,4	9,1	7,2	31,8	2,5	17,3	136
Meðaltal:								17,8	10,2	7,1	33,5	2,7	17,9	136

Hér standa efstir í heildareinkunn tveir eldri hrútar. Renningur 22-203 er sonur Sudda 17-872 frá Skarðaborg. Renningur sækir yfirburði sína að stórum hluta í mat á lifandi lömbum. Þar fara saman mjög góð vöðvafylling og lítil fita. Renningur er arfblendinn fyrir H154. Hann hefur nú verið seldur að Hvammi 2 í Þistilfirði. Fleygur 22-103 sonur Fálka 17-821 frá Bassastöðum fylgir fast á hæla Rennings. Afkvæmi hans bæði dæmast og flokkast þrýðilega. Fleygur hefur nú verið seldur að Leifsstöðum. Báðir þessir hrútar hafa staðið ofarlega í afkvæmarannsóknum hér áður. Frakkur 24-202 sonur Frosta 22-913 frá Ásgarði á þarna mjög glæsilegan lambahóp. Þessi hrútur er allur en að baki móður hans í öðrum lið standa þeir Krapi 13-940 frá Innri-Múla MFF og Grábotni 06-833 frá Vogum 2 MMF.

Garður, Þistilfirði

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Tindur	24-255	Armann	23-254	101	122	112	112	16,2	9,6	5,6	30,3	1,9	17,3	139
Ari	24-256	Fannar	23-925	114	100	106	107	17,4	10,1	6,9	29,3	1,8	17,5	139
Ramses	23-250	Hornsteinn	22-901	104	118	85	103	16,4	10,2	6,3	28,4	2,1	17,1	137
Hlekkur	24-250	Gljai	21-102	101	86	97	94	16,2	9,3	6,6	29,3	2,3	17,4	134
Emil	24-252	Ramses	23-250	94	88	100	94	15,6	8,7	5,8	29,6	2,1	17,1	135
Dalur	22-252	Dalur	17-870	90	83	104	92	15,4	8,8	6,1	28,8	1,9	17,4	137
Meðaltal:								16,1	9,5	6,2	29,2	2,0	17,3	137

Tindur 24-255 stendur hér efstur í heildareinkunn. Dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva en þær mælast mjög fitulitlar og samsvarandi fituleysi kemur fram hjá sláturlömbunum. Kapall 16-869 frá Hvoli er MFF Tinds. Ari 24-256 er annar í röðinni. Hann er sonur Fannars 23-925 frá Svínafelli og er arfblendinn gagnvart R171. Sláturlömb undan honum eru 1,3 kg þyngri en meðaldilkurinn í rannsókninni og gerð þeirra sú næstbesta. Ari er fallinn en móðir hans er dóttir Ramma 18-834 frá Hesti. Ramses 23-250 sonur Hornsteins 22-901 frá Þernunesi á best gerða sláturlambahópin en þessi hrútur er líka arfblendinn gagnvart R171. Hann var einnig í þriðja sætinu 2024.

Gunnarsstaðir 1, Pistilfirði

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Vindill	23-051	Kyndill	22-761	100	125	124	116	16,0	9,7	5,7	30,9	2,6	17,4	131
Mjólnir	22-043	Steðji	20-879	111	106	118	112	16,7	9,3	5,9	31,0	2,8	17,3	134
Möttull	24-041	Þór	21-896	102	113	118	111	16,1	9,4	5,7	31,2	2,8	17,3	137
Öxull	24-042	Hraunar	23-929	95	107	108	104	15,5	9,4	5,9	29,7	2,6	17,5	138
Tindur	24-043	Birkiland	23-927	104	96	105	102	16,3	8,7	5,7	30,2	2,5	17,0	138
Rammi	24-044	barði	23-527	103	104	96	101	16,2	8,8	5,4	29,8	2,6	16,9	136
Bogí	20-041	Vogur	19-371	89	99	106	98	15,1	8,4	5,2	30,4	2,5	16,9	133
Blómi	22-047	Spíri	20-100	101	103	89	97	16,0	9,0	5,8	29,6	2,7	16,9	137
Svoli	23-047	Boli	21-047	98	102	79	93	15,8	8,7	5,5	28,0	2,3	16,8	131
Dresi	23-044	Bogí	20-041	98	91	84	91	15,8	8,2	5,3	29,0	2,9	16,9	135
Lopi	24-049	Lostaliður	19-051	100	72	85	86	16,0	7,9	5,8	29,8	3,0	16,9	136
Þór	23-045	Mjólnir	22-043	97	76	83	85	15,8	8,2	5,8	28,7	3,0	17,2	137
							Meðaltal:	16,0	8,8	5,7	29,9	2,7	17,1	135

Vindill 23-051 stendur hér efstur í heildina. Fallþungi sláturlamba er á meðaltali rannsóknarinnar en yfirburðir í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum eru mjög skýrir. Vindill er aðkeyptur frá Sveinungsvík en faðir hans Kyndill 22-761 er aðkeyptur þangað frá Bjarnastöðum í Öxarfirði. Stöðvahrúta er ekki að sjá í ættum Vindils fyrr en í fjórða ættlið. Þar er Grímur 14-955 frá Ytri-Skógum á tveimur stöðum auk þeirra Snæs 07-867 frá Ingjaldsstöðum og Gaur 09-879 frá Bergsstöðum. Mjólnir 22-043 sonur Steðja 20-879 frá Ytri-Skógum skilar þyngsta sláturlambahópnum og nokkuð hagstæðri flokkun. Bakvöðvapykk hjá dætrum hans er sú næst mesta í rannsókninni. Möttull 24-041 sonur Þórs 21-896 frá Ytri-Skógum á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva og afkvæmahópurinn kemur vel út að öðru leyti. Möttull er aðkeyptur frá Brekku í Núpasveit.

Múlasýslur

Teigasel 2, Jökuldal

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Kantur	23-334	Jaður	20-891	103	115	145	121	15,8	9,3	6,3	30,3	2,2	17,5	129
Klaki	24-362	Frosti	22-913	105	105	114	108	16,0	8,3	5,7	29,1	2,4	17,0	137
Örn	22-339	Töggur	20-103	104	102	100	102	15,9	8,6	6,1	27,2	2,1	17,0	130
Grásteinn	24-361	Steinn	23-926	100	107	94	100	15,5	8,2	5,5	27,2	2,0	16,8	135
Kóngur	24-369	Fannar	23-925	95	103	77	92	15,2	7,9	5,4	26,3	1,9	16,5	135
Fjalli	24-363	Amper	22-331	95	72	75	81	15,2	8,3	6,9	27,6	3,3	16,8	134
							Meðaltal:	15,6	8,4	6,0	27,8	2,3	16,9	133

Kantur 23-334 sonur Jaðurs 20-891 frá Múlakoti skarar hér mikið fram úr hinum hrútunum. Hann á best gerða sláturlambahópin og styður mat á lifandi gimbrum vel við það. Móðir Kants er sonardóttir Kjarna13-927 frá Brúnastöðum í Fljótum. Klaki 24-362 sonur Frosti 22-913 frá Ásgarði kemst ágætlega frá þessum samanburði þó hann standi Kanti langt að baki. Klaki er arfblendinn fyrir H154 eins og vænta mátti út frá faðerni.

Rauðholt, Hjaltastaðapinghá

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Stallur	22-522	Lómur	18-447	102	148	119	123	18,0	10,8	6,7	32,9	2,5	17,6	137
Dvalinn	23-552	Hnjúkur	22-524	99	143	109	117	17,8	10,8	7,2	33,1	3,2	17,6	138
Mosi	24-666	Arragon	23-558	97	135	98	110	17,6	10,6	6,5	31,5	2,6	17,7	138
Hjalli	22-523	Kuti	19-464	97	139	88	108	17,7	10,7	6,2	31,4	2,7	17,5	141
Hnokki	24-661	Hnjúkur	22-524	100	87	90	93	17,9	9,8	6,1	30,9	2,4	17,5	135
Kóral	24-660	Kuti	19-464	92	70	96	86	17,3	9,3	5,5	32,1	2,8	17,4	133
Skúfur	24-665	Arragon	23-558	101	54	100	85	17,9	9,2	5,8	32,0	2,6	17,4	131
Þari	24-664	Arragon	23-558	112	21	99	77	18,8	8,9	6,7	32,3	2,4	17,4	137
Meðaltal:								17,9	10,0	6,3	32,1	2,7	17,5	136

Stallur 22-522 stendur hér efstur í heildareinkunn. Afkvæmi hans sameina vel góða gerð og hóflega fitu. Stallur stóð einnig efstur í afkvæmarannsókn hér haustið 2024 og var í öðru sæti árið þar á undan. Stallur er með glæsilegt kynbótamat sem alhliða góður kynbótahrútur en skilar engu í innleiðingu riðupolinna arfgerða. Dvalinn 23-552 skilar jafn góðri gerð sláturlamba og Stallur en lömbin undan honum dálítið feitari. Gimbrar undan Dvalni mælast með þykkastan bakvöðva í þessari rannsókn. Veturgamli hrúturinn Mosi 24-666 skilar prýðilegri gerð sláturlamba en skara ekki fram úr að öðru leyti. Þessi hrútur er arfblendinn fyrir R171 en hann er hyrndur sonarsonur Gullmola 22-902 frá Þernunesi. Móðurföðurfaðir er Klettur 13-962 frá Borgarfelli. Samkvæmt kynbótamati er Mosi efnilegur alhliða kynbótahrútur.

Melar, Fljótsdal

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Moli	24-117	Gullmoli	22-902	108	123	111	114	18,2	10,4	6,0	30,2	2,3	17,6	143
Guðjón	24-115	Björn	22-117	98	107	103	103	17,4	9,8	6,0	29,8	2,8	17,8	144
Bangsi	24-112	Björn	22-117	103	105	97	102	17,8	9,8	6,0	29,5	2,5	17,4	142
Prúður	24-114	Blær	23-918	102	84	109	98	17,7	8,7	5,7	29,9	2,4	17,6	143
Tinni	24-111	Steinn	23-926	99	89	102	97	17,5	9,1	5,9	28,9	2,1	17,4	142
Arfur	24-113	Hreinn	23-920	87	84	77	83	16,5	8,8	5,9	28,0	2,4	17,2	145
Meðaltal:								17,6	9,5	6,0	29,4	2,4	17,5	143

Moli 21-117 undan Gullmola 22-902 frá Þernunesi skapar hér talsvert fram úr öðrum hrútum í þessum samanburði. Hann sýnir yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar, gerð sláturlamba afgerandi best og bakvöðvinn mælist þykkastur í dætrum hans. Moli er arfblendinn fyrir R171 með N138 á móti.

Þorvaldsstaðir 1, Skriðdal

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
tóti	24-002	Arf-Hreinn	23-391	109	106	138	118	16,9	8,7	6,0	30,7	2,6	17,2	151
bergþór	23-073	Hornsteinn	22-901	101	117	82	100	16,2	8,4	5,3	26,9	2,1	16,9	146
	24-067	bergþór	23-073	96	97	94	96	15,8	8,2	5,7	28,2	2,5	16,8	146
	24-070		22-056	101	91	89	94	16,2	7,9	5,7	28,1	2,5	16,7	145
	24-068	bergþór	23-073	95	92	83	90	15,7	7,9	5,6	27,3	2,4	16,7	144
							Meðaltal:	16,1	8,2	5,7	28,6	2,4	16,9	146

Tóti 24-002 stendur hér langefstur í heildareinkunn. Gimbrar undan honum mælast og stigast langtum betur en aðrir gimbrarhópar í rannsókninni. Sambærilegir yfirburðir koma ekki fram í sláturhúsinu en þó á Tóti bæði þyngsta og best gerða sláturlambahópin. Tóti er aðkeyptur frá Þernunesi og er arfblandinn fyrir R171.

Fossárdalur/Eiríksstaðir, Berufirði

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Hrimur	24-502	Jaður	20-891	98	129	120	116	16,9	10,9	5,7	33,4	2,1	17,7	131
Valmúi	24-505	Jaður	20-891	101	104	130	112	17,2	10,4	6,0	34,7	2,4	17,8	133
Burkni	24-501	Frosti	22-913	94	113	101	103	16,6	10,5	5,8	32,9	2,4	17,6	135
Kvistur	24-503	Gullmoli	22-902	101	98	92	97	17,2	10,7	6,6	32,4	3,0	17,9	137
Frami	23-027	Glæsir	19-887	103	93	92	96	17,3	10,2	6,2	32,2	2,4	17,7	134
Ölur	24-506	Gullmoli	22-902	108	82	95	95	17,8	10,3	6,9	33,2	3,3	18,0	139
Venus	23-030	Þokki	17-853	104	97	76	92	17,5	10,6	6,6	31,4	3,0	17,7	133
Njóli	24-504	Gimsteinn	21-899	91	71	79	80	16,2	8,9	6,0	32,1	3,1	17,6	132
							Meðaltal:	17,1	10,4	6,2	33,0	2,7	17,7	134

Hér standa efstir í heildareinkunn veturgamlir hálfbræður og er faðir þeirra Jaður 20-891 frá Múlakoti. Hrimur 24-502 á best gerða sláturlambahópin í rannsókninni og þessi lömb jafnframt fitulitil í samanburði við aðra hópa. Fallþungi er í tæpu meðallagi. Mat á lifandi lömbum kemur jafnframt vel út. Gimbrahópurinn undan Valmúa 24-505 skarar hinsvegar talsvert fram úr öðrum afkvæmahópum í þykkt bakvöðvans sem skilar honum hárrí einkunn í mati á lifandi lömbum. Móðir Hrims er sonardóttir Bekra 12-911 frá Hesti en móðir Valmúa er dóttir Ramma 18-834 frá Hesti.

Austur-Skaftafellssýsla

Akurnes, Hornafirði

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Kúði	22-453	Askur	21-453	100	129	121	117	17,8	12,0	7,7	31,5	3,1	17,7	166
Askur	21-453	Rammi	18-834	99	110	130	113	17,7	11,5	8,0	33,0	3,8	17,8	169
Biti	24-454	Hraunar	23-929	104	106	118	109	18,2	11,1	7,5	33,3	3,9	17,7	170
Móri	24-452	Cortes	23-451	96	118	101	105	17,3	11,7	7,6	31,4	3,5	17,4	169
Stormur	23-452	Lykill	22-452	104	108	76	96	18,1	11,4	7,8	29,3	3,4	17,3	164
Hólkur	24-453	Birkiland	23-927	96	83	99	92	17,4	10,1	7,5	31,0	3,5	17,4	162
Bessi	21-452	Börkur	17-842	96	79	59	78	17,4	10,1	7,7	29,1	3,8	17,2	165
Snerill	24-450	Dragbítur	22-534	105	53	76	78	18,2	9,4	7,9	30,1	3,6	17,1	168
Meðaltal:								17,8	11,0	7,8	31,3	3,6	17,5	166

Kúði 22-453 stendur hér efstur í heildareinkunn og sýnir góða yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum. Gerð sláturlamba undan honum afgerandi best. Askur 21-453, faðir Kúða og sonur Ramma 18-834 frá Hesti, kemur sterkur út úr mati á lifandi lömbum, sláturlömbin er einnig vel gerð en þetta er feitasti sláturlambahópurinn í samanburðinum. Feðgar þessir hafa sýnt á síðustu árum mikla yfirburði sem lambafeður og skarta himin háu kynbótamati fyrir gerð.

Biti 24-454 er sonur Hraunars 23-929 frá Brúnastöðum í Flóa og arfblandinn fyrir R171 með H154 á móti. Hann kemur heilt yfir vel út úr þessum samanburði og á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva.

Nýpugarðar, Hornafirði

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Glaður	24-538	Kátur	20-905	106	136	112	118	16,6	11,6	6,8	28,9	2,7	17,7	153
Marias	22-514	Svarti Pétur	20-593	113	107	118	113	17,0	10,7	7,1	30,8	3,5	17,4	162
Skokkur	23-524	Galli	20-875	100	119	114	111	16,1	10,8	6,8	29,7	3,2	17,5	156
Ölur	24-539	Elri	23-523	100	112	117	110	16,1	10,1	6,3	29,8	3,0	17,3	155
Grímur	22-510	Grettir	20-877	91	103	129	108	15,5	9,4	6,0	30,1	2,6	17,6	152
Lækur	18-581		15-754	103	103	109	105	16,3	10,1	6,6	30,3	3,7	17,6	161
Jupiter	21-502	Satúrnus	17-843	99	111	102	104	16,0	9,9	6,2	28,4	2,7	17,5	166
Fjandi	16-558	Skratti	12-913	115	79	113	102	17,1	9,6	6,9	29,8	3,3	17,7	162
Nonni titli	19-588	Mói	17-001	109	87	104	100	16,8	9,6	6,6	29,5	3,2	17,5	164
Satan	21-501	Fjandi	16-558	95	113	91	100	15,8	10,4	6,6	28,5	3,2	17,5	152
Hnakkí	19-582		18-577	102	90	107	100	16,2	9,5	6,4	29,8	3,5	17,7	157
Frændi	24-541	Bróðir	22-093	100	89	108	99	16,2	9,6	6,6	29,0	3,1	17,8	150
	24-537	Jaður	20-891	93	103	85	94	15,5	9,4	5,9	27,8	2,8	17,1	145
Mergur	24-540	Grettir	20-877	96	85	96	93	15,8	9,1	6,3	28,9	2,8	17,1	158
Elri	23-523	Askur	19-884	91	111	59	87	15,5	10,4	6,7	27,1	3,3	17,1	153
Gáfnir	23-525	Fróði	18-880	88	82	79	83	15,3	8,8	6,1	28,3	3,3	17,2	154
Hlynur	23-530	Askur	19-884	95	91	57	81	15,7	9,4	6,3	26,7	3,4	17,3	146
Meðaltal:								16,1	9,9	6,5	29,1	3,2	17,5	156

Glaður 24-538 undan Kát 20-905 frá Efstu-grund stendur hér efstur í heildareinkunn. Hann skarar verulega fram úr öðrum lambafeðrum í gerð sláturlamba og kemur heilt yfir vel út í öllum þáttum rannsóknarinnar. Marias 22-514 kemur vel út úr mati á lifandi lömbum og skilar sláturlömbum sem eru 0,9 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar í fallþunga. Marias er sonarsonur Glæpons 17-809 frá Hesti. Skrokkur 23-524 sonur Galla 20-875 frá Hesti

skilar heilt yfir sterkum niðurstöðum. Skrokkur er fallinn en var arfblendinn fyrir H154. Ökur 24-539 kemur nokkuð sterkur út en þessi hrútur er arfblendinn fyrir C151. Ökur er sonarsonur Asks 19-884 frá Kirkjubæjarklaustri og dóttursonur Mávs 15-990 frá Mávahlíð.

Kálfafell 2, Suðursveit

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Jafar	24-119	Jaður	20-891	98	138	139	125	16,4	10,9	6,8	31,4	2,8	17,8	158
Sigvaldi Kal	21-106	Kaldi Kalda	19-108	104	113	118	112	16,9	10,4	7,1	29,4	3,0	17,9	160
Láki	24-110	Lási	19-904	98	96	91	95	16,4	9,5	6,9	27,6	2,8	17,6	152
Glaumur	24-116	Grettir	20-877	101	77	79	86	16,6	8,8	6,8	27,7	2,7	17,1	152
Birkir	24-113	Birkiland	23-927	99	77	71	83	16,5	8,5	6,5	27,0	2,9	16,9	150
Meðaltal:								16,6	9,6	6,8	28,6	2,9	17,5	155

Jafar 24-119 sonur Jaðurs 20-891 frá Múlakoti stendur hér langefstur í heildareinkunn og sýnir mikla yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum. Móðir Jafars er sonardóttir Garra 11-908 frá Stóra-Vatnshorni.

Vestur-Skaftafellssýsla

Kerlingardalur 1, Mýrdal

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Kútur	22-752	Gimli	20-876	99	147	153	133	18,9	11,2	6,7	34,7	3,4	18,0	147
Raftur	23-758	Rammi	18-834	106	90	124	107	19,5	10,4	7,8	34,0	4,1	17,8	154
Kátur	24-766	Kátur	20-905	99	115	106	107	18,9	11,5	8,0	32,9	4,8	18,1	145
Boli	24-764	Raftur	23-758	105	106	89	100	19,5	11,1	7,9	32,3	4,8	17,8	151
Hamar	22-748	Ljótur	20-740	95	96	107	99	18,5	9,9	7,2	33,0	3,4	17,5	141
Kostur	24-768	Kútur	22-752	101	90	101	97	19,1	10,5	8,0	31,7	3,9	17,8	152
Nagli	22-749	Jötunn	18-863	95	102	86	94	18,5	10,1	7,1	31,0	5,1	17,5	149
Grís	24-761	Fáli	20-906	99	87	98	94	18,9	8,9	6,5	32,4	3,6	17,2	154
Gosi	24-762	Flóni	21-912	105	92	82	93	19,5	10,1	7,4	29,7	3,2	17,6	156
Ruddi	23-757	Rammi	18-834	92	86	92	90	17,8	9,5	7,4	31,0	3,8	17,0	143
Bolti	24-767	Jaður	20-891	94	79	95	89	18,5	9,6	7,5	31,7	4,0	17,6	148
Birnir	24-763	Björn	23-754	105	80	64	83	19,4	9,6	7,5	29,8	3,9	17,7	152
Meðaltal:								19,0	10,3	7,4	32,0	4,0	17,7	150

Í þessari afkvæmarannsókn stendur Kútur 22-752 langefstur og í algerum sérflokkum um flest. Kútur er sonur Gimla 20-876 frá Hesti. Að baki móður hans í fjórða lið standa stöðvahrútar Bekri 12-911, Borði 08-838 og Raftur 05-966 allir frá Hesti og síðan er Ljómi 98-865 frá Brautartungu MMMF. Raftur 23-758 sonur Ramma 18-834 frá Hesti kemur sterkur út úr mati á lifandi lömbum og skilar ágætum vænleika sláturlamba. Móðir Rafts er dótturdóttir Borða 08-838 frá Hesti. Kátur 24-766 sonur Káts 20-905 frá Efstu-grund skilar bestri gerð sláturlamba en þau eru jafnframt ein þau feitustu. Móðir Káts 24-766 er sonardóttir Glæpons 17-809 frá Hesti.

Rangárvallasýsla

Ytri-Skógar, Eyjafjöllum

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Jenni	24-779	Glaður	23-745	115	112	128	119	20,0	10,5	6,3	31,5	3	17,7	140
Sjarmi	24-771	Hnokki	23-739	104	104	132	113	18,9	10,9	6,9	31,3	3	17,6	138
Hrókur	24-778	Hraunar	23-929	99	113	118	110	18,3	10,3	5,8	30,6	3	17,4	137
Styrkur	24-776	Garpur	23-936	90	118	91	100	17,5	11,2	6,6	29,2	3	17,7	138
Toppur	24-773	Jaður	20-891	101	89	99	96	18,6	10,8	7,5	30,3	3	17,5	136
Sómi	24-780	Birkiland	23-927	94	104	89	96	17,9	10,0	5,9	28,9	3	17,3	138
Trúður	24-777	Trausti	23-744	100	93	94	96	18,4	9,7	6,2	29,8	3	17,4	139
Feykir	24-774	Faldur	23-937	115	82	82	93	20,0	10,6	7,7	30,0	3	17,2	139
Vinur	24-775	Böggull	21-911	84	81	68	78	16,8	9,6	6,4	28,2	3	17,3	138
Meðaltal:								18,5	10,4	6,6	29,9	3	17,5	138

Jenni 24-779 stendur hér efstur í heildareinkunn með skýra yfirburði í öllum þáttum en þó einkum í mati á lifandi lömbum og fallþunga sláturlamba. Jenni er sonarsonur Káts 20-905 frá Efstu-grund og dóttursonur Blossa 16-837 frá Teigi. Sjarmi 24-771 kemur sterkur út úr mati á lifandi lömbum og skilar ágætri gerð sláturlamba. Þau eru þó í feitari kantinum í þessum samanburði sem dregur kjötmatseinkunn eitthvað niður. Sjarmi er aðkeyptur frá Raufarfelli. Faðir hans er sonarsonur Ramma 18-834 frá Hesti en móðir hans sonardóttir Barkar 17-842 frá Kjalvararstöðum. Hrókur 24-778 sonur Hraunars 23-929 frá Brúnastöðum í Flóa kemur nokkuð sterkur út úr þessum samanburði þó hann standi ekki á toppnum í neinum þætti. Hrókur er arfblendinn fyrir R171. Móðir Hróks er sonardóttir Amors 17-831 frá Snartartöðum. Styrkur 24-776 sonur Garps 23-936 frá Ytri-Skógum á best gerða sláturlambahópinn en fallþungi þeirra er 1 kg undir meðaltali rannsóknarinnar. Að baki móður Styrks standa þeir Stapi 16-829 frá Kirkjubæjarklaustri FF og Myrkvi 10-905 frá Brúnastöðum í Fljótum MF. Þeir Hrókur og Styrkur reyna nú fyrir sér sem kynbótahrútar í Fagradal.

Teigur 1, Fljótshlíð

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Steinarr	24-301	Hraunar	23-929	112	115	133	120	21,1	11,6	7,6	32,5	2,2	18,3	156
Fúli	24-302	Kátur	20-905	97	118	97	104	19,9	11,9	7,9	31,0	2,5	17,8	155
Fjári	24-309	Ári	21-390	99	104	105	103	20,1	11,3	7,8	30,6	2,3	18,3	153
Saltsteinn	24-305	Steinbiti	23-302	97	104	97	99	19,9	11,2	7,7	31,5	2,8	17,9	152
Jaskur	24-303	Jaður	20-891	98	94	105	99	20,0	10,9	7,8	32,8	3,2	17,9	153
Kjóí	24-306	Haukur	22-309	100	95	99	98	20,1	11,0	7,8	30,6	2,4	18,1	151
Kassi	24-304	Bás	20-435	102	104	77	94	20,2	11,5	8,0	30,6	3,3	17,8	158
Koddi	24-307	Beddi	23-304	101	83	93	93	20,2	10,8	8,0	31,2	2,5	17,7	154
Stóll	24-308	Sófi	23-310	97	76	89	87	19,8	10,7	8,3	31,1	3,3	18,2	148
Meðaltal:								20,1	11,3	7,9	31,5	2,7	18,0	154

Steinarr 24-301 sonur Hraunars 23-929 frá Brúnastöðum í Flóa stendur hér afgerandi efstur í heildareinkunn. Sýnir hann yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar en sérstaklega þó í mati á lifandi lömbum og í fallþunga sláturlamba. Þessi ágæti hrútur er arfblendinn fyrir R171 með H154 á móti. Móðurfaðir hans er Mávur 15-990 frá Mávahlíð.

Fúli 24-302 sonur Káts 20-905 frá Efstu-grund skilar mjög góðri gerð sláturlamba. Móðurfaðir Fúla er Durtur 16-994 frá Hesti.

Raftholt og Hreiður, Holtum

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Gáski	24-123	Kátur	20-905	96	129	138	121	18,6	10,9	7,7	33,8	2,5	18,3
Arri	23-116	Hornsteinn	22-901	97	129	102	109	18,6	10,9	7,5	31,8	3,0	18,3
Forkur	24-124	Víkingur	20-103	102	103	116	107	19,1	10,0	7,6	31,9	2,2	18,0
Lykill	24-121	Lási	19-904	114	85	109	102	20,1	10,4	8,6	32,5	3,1	18,3
Póstur	24-126	Böggull	21-911	90	109	107	102	17,9	10,5	8,1	31,3	2,2	17,9
Banki	24-125	Sjóður	23-118	91	91	121	101	18,1	9,4	7,7	32,9	2,6	18,0
Marri	24-122	Arri	23-116	99	102	91	97	18,8	10,5	8,2	31,1	2,8	17,8
Massi	24-127	Birkiland	23-927	112	77	53	81	20,0	9,4	7,9	30,0	3,5	17,6
Skrokkur	20-008	Moldi	17-134	100	73	65	79	18,9	9,2	8,4	31,4	4,1	17,6
							Meðaltal:	18,9	10,1	8,0	31,9	2,9	18,0

Hér eru í samanburði hrútar sem voru notaðir bæði í Raftholti og í Hreiðri. Gáski 24-123 stendur hér afgerandi efstur í heildareinkunn. Hann sýnir mikla yfirburði í mati á lifandi lömbum og kemur sterkur út úr kjötmatshlutanum. Gáski er arfblandinn gagnvart H154 en móðir hans er sonardóttir Fáfnis 16-995 frá Mýrum 2. Arri 23-116 sonur Hornsteins 22-901 frá Þernunesi kemur einnig sterkur út úr kjötmatshlutanum en skarar ekki fram úr mörgum hinna í mati á lifandi lömbum. Arri er faðir stöðvahrútanna Karra 24-953 og Arfs 24-954 og er arfblandinn gagnvart R171.

Árnessýsla

Kópsvatn, Hrunamannahreppi

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Flekkur	24-013	Fannar	23-925	104	134	150	129	20,3	12,4	8,0	33,5	3,0	18,3	132
Skakkur	24-012	Fannar	23-925	104	103	127	111	20,2	11,3	8,2	33,4	3,0	17,9	131
Harri	23-014	Hornsteinn	22-901	93	95	96	95	19,2	10,4	7,8	31,9	3,5	17,6	134
Hattur	24-015	Tossi	23-012	101	100	76	92	19,9	10,9	8,0	31,3	3,6	17,7	133
Nonni	24-014	Broddi	21-012	100	73	75	82	19,8	10,2	8,5	31,4	4,2	17,7	143
							Meðaltal:	19,8	10,9	8,0	32,1	3,5	17,8	134

Flekkur 24-013 sonur Fannars 23-925 frá Svínafelli sýnir hér mjög afgerandi yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum. Flekkur er arfhreinn fyrir H154 og er móðir hans sonardóttir Óðins 15-992 frá Skörðum. Skakkur 24-012 kemur einnig sterkur út úr mati á lifandi lömbum en skorar ekki nærri eins hátt í kjötmatshlutanum. Hann er einnig sonur Fannars 23-925 frá Svínafelli Skakkur er fallinn en var arfblendinn R171 með H154 á móti.

Haukholt 1, Hrunamannahreppi

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Kvilli	23-002	Galli	20-875	108	118	140	122	19,7	11,4	8,0	31,9	3,1	18,2	152
Snævar	24-001	Frosti	22-913	95	127	109	111	18,6	11,2	7,4	31,1	3,4	18,0	155
Gvensi	24-004	Birkiland	23-927	92	119	112	108	18,3	11,1	7,4	30,9	3,2	18,1	151
Ópall	24-002	Kristall	23-917	106	89	81	92	19,6	10,3	7,9	29,1	3,5	17,7	151
Kópur	23-005	Trúður	22-014	95	75	101	90	18,6	9,5	7,5	30,4	3,3	17,8	147
Júlíus	24-007	Fannar	23-925	102	79	64	82	19,2	9,7	7,7	29,2	3,9	17,6	148
							Meðaltal:	19,0	10,5	7,7	30,4	3,4	17,9	150

Kvilli 23-002 sonur Galla 20-875 frá Hesti stendur hér nokkuð afgerandi efstur í heildareinkunn. Hann sýnir yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar en mest rífur hann sig þó frá hinum hrútunum í mati á lifandi lömbum. Gimbrar undan honum mælast bæði með þykkastan bakvöðva og stigast best fyrir læri. Snævar 24-001 sonur Frosta 22-913 frá Ásgarði kemur sterkur út úr kjötmatshlutanum. Hann er arfblendinn gagnvart H154. Móðurfaðir hans er Völlur 18-835 frá Snartarstöðum. Gvensi 24-004 sonur Birkilands 23-927 frá Austurhlíð kemur býsna sterkur út úr bæði mati á lifandi lömbum og kjötmatshlutanum. Fallþungi sláturlamba er hinsvegar 0,7 kg undir meðaltali rannsóknarinnar. Gvensi er arfblendinn gagnvart R171, móðir hans er dóttir Gimla 20-876

Vatnsleysa, Biskupstungum

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Kvistur	21-204	Börkur	17-842	101	125	111	113	19,2	10,9	7,3	30,4	2,9	18,2	155
Austurhlíðing	24-201	Birkiland	23-927	105	111	104	107	19,5	11,1	8,0	29,6	2,6	17,9	161
Formaður	24-210	Birkiland	23-927	103	95	102	100	19,3	10,2	7,7	29,7	2,6	17,7	154
Bogi	24-213	Krókur	23-923	106	91	98	99	19,6	10,4	8,0	30,6	3,2	17,6	156
Öngull	23-209	Gullmoli	22-902	107	90	96	98	19,7	10,3	7,9	30,6	3,4	17,9	154
Keikur	23-213	Rammi	18-834	95	95	103	97	18,8	10,3	7,9	30,5	3,0	17,8	155
Krókus	24-209	Krókur	23-923	86	104	86	92	18,0	10,3	7,7	29,5	3,1	17,6	155
							Meðaltal:	19,1	10,5	7,8	30,1	2,9	17,8	156

Kvistur 21-204 sonur Barkar 17-842 frá Kjalvararstöðum stendur hér efstur í heildareinkunn. Hann skilar hagstæðum kjötmatsniðurstöðum og gimbrar undan honum koma vel fyrir og bera af öðrum hópum í lærastigum. Austurhlíðingur 24-201 er sonur Birkilands 23-927 frá Austurhlíð. Hann á þarna best gerða sláturlambahópin. Hann er arfblandinn gagnvart R171.

Heiðarbær 1, Þingvallasveit

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Kató	24-170	Kátur	20-905	102	116	125	115	19,8	11,0	7,3	32,3	3,3	17,7	162
Fífill	24-172	Frosti	22-913	92	117	114	108	18,5	11,0	7,3	31,1	2,8	17,4	159
Hreinn	22-147	Stapi	16-829	100	100	115	105	19,5	10,7	7,7	31,4	3,4	17,7	156
Vestri	21-137	Austri	19-847	104	112	94	103	19,8	11,1	7,7	30,6	3,7	17,6	160
Björgvin	24-161	Steinn	23-926	109	88	106	101	20,3	10,7	8,2	30,6	3,3	17,8	157
Ástríkur	24-163	Alli	19-885	98	103	94	98	19,3	10,8	7,7	30,1	3,3	17,5	160
Jaki	24-167	Jaður	20-891	93	104	92	97	18,8	10,7	7,6	29,2	3,0	17,6	163
Gáli	24-165	Grettir	20-877	103	85	94	94	19,9	10,4	8,3	30,8	3,9	17,4	168
Sigurbjörn	24-162	Moli	23-919	99	75	75	83	19,3	9,6	7,8	28,8	3,3	17,4	169
							Meðaltal:	19,5	10,7	7,7	30,4	3,3	17,6	161

Kató 24-170 sonur Káts 20-905 frá Efstu-grund stendur hér efstur í heildareinkunn. Hann kemur sterkastur út úr mati á lifandi lömbum en fallþungi og flokkun sláturlamba er einnig í besta lagi. Kató er dóttursonur Amors 17-831 frá Snartarstöðum. Fífill 24-172 sonur Frosta 22-913 frá Ásgarði kemur vel út úr mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum en fallþungi er 1 kg undir meðaltali rannsóknarinnar. Fífill er allur en móðir hans var sonardóttir Drjúgs 17-808 frá Hesti. Fífill var arfblandinn gagnvart H154.